





## ÁRSSKÝRSLA 2007

### EFNISYFIRLIT

|                             | BLS     |
|-----------------------------|---------|
| STJÓRN RARIK                | 4       |
| INNGANGUR                   | 5 - 7   |
| STJÓRNSKIPURIT              | 8       |
| STARFSEMIN 2007             | 9 - 20  |
| Ársfundur RARIK 2007        | 9       |
| Fjármál 2007                | 10      |
| Dreifikerfi                 | 11      |
| Hitaveitur                  | 12      |
| Lagarfossvirkjun stækkuð    | 13      |
| Aðrir viðburðir             | 15      |
| Verkefni erlendis           | 16      |
| Um Orkusöluna               | 17      |
| Starfsmannamál              | 17      |
| Ýmsar tölulegar upplýsingar | 18      |
| 60 ára afmæli RARIK         | 19      |
| ÁRSREIKNINGUR               | 21 - 27 |
| SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNING   | 28 - 54 |
| ENGLISH SUMMARY             | 55 - 56 |





Stjórn RARIK ohf ásamt forstjóra. Talið frá vinstri: Elín R. Línadal, Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri, Berglind Hallgrímsdóttir, Sveinn Þórarinnsson, Ingibjörg Sigmundsdóttir og Hilmar Gunnlaugsson formaður stjórnar.

Á stofnfundi 2006 var skipuð 5 manna stjórn. Sú stjórn var endurkjörin á aðalfundi 2007. Hana skipa þau Berglind Hallgrímsdóttir, Elín R. Línadal, Hilmar Gunnlaugsson, Ingibjörg Sigmundsdóttir og Sveinn Þórarinnsson. Stjórnin skipti með sér verkum að loknum aðalfundi og var Hilmar Gunnlaugsson kjörinn formaður, Sveinn Þórarinnsson, fráfarandi formaður, var kjörinn varaformaður og Ingibjörg Sigmundsdóttir ritari. Tryggvi Þór Haraldsson er forstjóri RARIK



RARIK fagnaði á árinu 60 ára afmæli fyrirtækisins, en Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) hófu starfsemi 1. janúar 1947. Minntist fyrirtækið þessara tímamóta með ýmsum hætti á árinu. Í tengslum við aðalfund félagsins sem haldinn var í Salnum í Kópavogi þann 27. apríl var gefið út afmælisblað sem dreift var um land allt og efnt til málþings um raforkumál og sögu rafmagns á Íslandi. Þema málþingsins var Rafmagn í fortíð, nútíð og framtíð, en þar voru flutt áhugaverð erindi um sögu rafmagns á Íslandi, rafvæðingu landsins, framþróunina sem fylgdi rafmagninu og mismunandi viðhorf til nýtingar auðlinda og eignaréttar.

Í tilefni afmælis RARIK ákvað stjórn að leggja 20 milljónir króna til stofnunar orkuskóla á Akureyri og var yfirlýsing þess efnis afhent í afmælishófi í Gerðarsafni í lok aðalfundar og málþings. Er þetta stærsta samfélagsverkefni sem RARIK hefur tekið þátt í að styrkja.



Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri

## AFKOMA ÁRSINS

Ársreikningur RARIK ohf er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er þetta í fyrsta sinn sem félagið gerir reikningsskil sín með þeim hætti. Samstæðureikningur fyrirtækisins tekur, auk móðurfélagsins, til dótturfélagsins Orkusölnunnar ehf.

Árið 2007 er fyrsta heila rekstrarár RARIK ohf en félagið hóf starfsemi sína 1. ágúst 2006 er það tók yfir rekstur Rafmagnsveitna ríkisins. RARIK jók hlut sinn í Orkusölnunni ehf. á árinu úr 36% í 99,8%.

Ársreikningurinn sýnir að tap var á rekstri RARIK samstæðunnar á árinu 2007 sem nemur 191 millj. kr. Þar vegur tap hlutdeildarfélagsins Landsnets hf þungt eða 178 millj. kr., auk þess sem fjármagnsliðir voru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Að öðru leyti var afkoman í samræmi við áætlanir. Rekstrartekjur ársins voru 7.436 millj. kr. og rekstrargjöld með afskriftum 6.947 millj. kr. og var hagnaður því 489 millj. kr. fyrir fjármagnsliði. Hreinir fjármagnsliðir voru 544 millj. kr. Efnahagur félagsins í árslok 2007 var 26.442 millj. kr. og eigið fé 14.737 millj. kr. Eiginfjárhlutfall var 56% í árslok. Heildarskuldir námu 11.706 millj. kr.

## REKSTRARUMHVERFI ORKUFYRIRTÆKJA

Til umræðu á Alþingi er frumvarp til breytinga á ýmsum lögum á auðlinda og orkusviði. Þar er meðal annars gert ráð fyrir því að gengið verði lengra í aðgreiningu á samkeppnisstarfsemi og einkaleyfisstarfsemi orkufyrirtækja. RARIK hefur þegar tekið slíkt skref með því að færa samkeppnisstarfsemi sína inn í dótturfélagið Orkusölnuna ehf. Skilja má frumvarp stjórnvalda á þann veg að einkaleyfisfyrirtæki megi ekki eiga samkeppnisfyrirtæki og öfugt. Það er ekki óeðlileg krafa og jafnvel þótt slíkt næði ekki fram að ganga við afgreiðslu þessa frumvarps, þá hlýtur það að vera tímaspursmál hvenær slík krafa verður gerð til fyrirtækja í samkeppnisumhverfi. Samkvæmt þessu þyrfti RARIK annað hvort að stofna sérstakt móðurfyrirtæki um starfsemina alla eða sérstakt dótturfélag um einkaleyfisstarfsemina.

Segja má að fyrirtækjaaðskilnaður einkaleyfisþátta og samkeppnisþátta sé rökrétt framhald af þeirri ákvörðun sem tekin var þegar ný raforkulög voru samþykkt og ákveðið að koma á samkeppnismarkaði um orkuvinnslu og sölu. Gera verður ráð fyrir að samkeppnisumhverfið vinni upp það óhagræði sem af fyrirtækjaaðskilnaði hlýst gagnvart viðskiptavinum, hafi það ekki þegar gert það.

Huga verður þó að lagfæringu á raforkulögunum varðandi umhverfi einkaleyfisfyrirtækja þannig að þau geti starfað við nauðsynlega arðsemi. Núverandi reglur um tekjumörk og arðsemi þarf sérstaklega að endurskoða til þess að fyrirtækin eigi möguleika á að viðhalda, endurnýja og byggja upp kerfin á þann hátt sem kröfur eru gerðar til og starfsemi í landinu kallar á. Ef ekki verða breytingar á þeim munu fyrirtækin þurfa að ganga á eigið fé á



Hilmar Gunnlaugsson stjórnarformaður



Þetta mósaikverk listakonunnar Kjuregej Alexandra Argunova var unnið fyrir RARIK og er í húskynnum fyrirtækisins

næstu árum og eigendur þeirra munu að lokum þurfa að leggja þeim til aukna fjármuni.

### SAMKEPPNISSTARFSEMI SETT INN Í ORKUSÖLUNA EHF

RARIK færði í ársbyrjun samkeppnisstarfsemi sína í orkusölu og raforkuframleiðslu yfir í dótturfélag sitt Orkusöluna ehf. en ákveðið var að halda vatnsréttindum virkjananna eftir í móðurfélaginu. Jafnframt var stækkun Lagarfossvirkjunar, sem verið hefur í byggingu hjá RARIK undanfarin ár, seld þangað inn á árinu. Gert er ráð fyrir að Orkusalan ehf. leiti leiða til að auka virkjanakost sinn enn frekar á næstu árum.

Með stofnun Orkusölnnar ehf. var samkeppnisreksturinn aðskilinn frá einkaleyfisstarfseminni með það að markmiði að auka gegnsæi og skerpa áherslur í starfseminni. Mun Orkusalan ehf. fyrst og fremst stunda orkusölu og tengda samkeppnisstarfsemi, en RARIK einkaleyfisrekstur.

Rekstur Orkusölnnar gekk vel á árinu og betur en áætlanir gerðu ráð fyrir.

### STÆKKUN LAGARFOSSVIRKJUNAR

Lokið var að mestu við stækkun Lagarfossvirkjunar á árinu og hún formlega tekin í notkun þann 6. október. Var það stærsta einstaka fjárfestingarverkefni RARIK undanfarin ár og óhætt að fullyrða að vel tókst til með verkið í alla staði og ber að þakka starfsmönnum og samstarfsaðilum fyrir gott starf. Undirbúningur að stækkuninni hófst á árinu 2003 og fyrstu verksamningar voru undirritaðir í ársbyrjun 2005, en framkvæmdir hófust um miðjan apríl sama ár. Með stækkuninni sem er um 20 MW, rúmlega tvöfaldast orkuframleiðslugeta RARIK samstæðunnar.

Áætlaður kostnaður við stækkunina var um 3.400 millj. kr. á verðlagi í árslok 2007 og er ekki útlit fyrir annað en að sú kostnaðaráætlun standist þrátt fyrir að ráðist hafi verið í ýmsar aðgerðir sem ekki voru á dagskrá í upphafi. Tímasetningar stóðust einnig í meginráttum þrátt fyrir tímabundnar seinkanir á einstökum verkþáttum. Full afköst virkjunarinnar náðust þó ekki fyrr en vatn kom frá Kárahjúkum, upp úr miðjum nóvember.

## STARFSEMIN Á ÁRINU

Mikil mildi var að ekki urðu slys á fólki þegar aðveitupípa Gönguskarðsárvirkjunar gaf sig í aprilmánuði og vatn og aur flæddi á hús og bíla skammt frá virkjuninni. Vel tókst til með hreinsun og lagfæringar í góðu samstarfi starfsmanna RARIK við bæjarfélagið, björgunarsveitir á staðnum, tryggingarfélagið sem bætti tjónið og tjónpóla. Þeim eru færðar þakkir fyrir samstarfið.

Á undanförunum 17 árum hefur nánast öll endurnýjun og aukning í dreifikerfi RARIK verið í formi jarðstrengja. Í fyrstu var lagning jarðstrengja aðallega til að leggja af línur á veðurfarslega erfiðum svæðum. Síðustu 10 ár hefur jarðstrengsvæðingin verið vegna endurnýjunar og styrkingar dreifikerfisins, ásamt allri aukningu. Kostnaður við jarðstrengslagnir hefur stöðugt farið lækkanði, bæði vegna lækkanði verðs á strengjum á þeirri spennu sem dreifikerfið er á og einnig vegna þess að farið var að plægja strengi í stað þess að grafa þá niður. Nú er svo komið að ódýrara er að leggja jarðstrengi en byggja línur þar sem plægungu verður við komið.

RARIK hækkaði gjaldskrá dreifingar í byrjun febrúar 2007 um 3% í þéttbýli og 8% í dreifbýli. Dreifbýlisframlag ríkisins lækkaði hins vegar úr 56 aurom á kWst í 50 auro sem olli enn meiri hækkun til viðskiptavina RARIK í dreifbýli. Þá var tengigjaldskrá RARIK fyrir raforku hækkuð um 5% í mars og gjaldskrá hitaveitna hækkuð í júní um 7% hjá jarðvarmaveitum og 8% fyrir rafkyntar hitaveitur. Orkusalan hækkaði gjaldskrá sína um 5,5% á árinu.




Á miðju ári flutti RARIK höfuðstöðvar sínar eftir 28 ára veru á Rauðarárstíg 10 að Bíldshöfða 9 í Reykjavík. Hið nýja húsnæði er leigt af BYGG hf. og var innréttað skv. þörfum fyrirtækisins. Fyrra húsnæði var orðið óhentugt fyrir starfsemi RARIK, enda hefur starfsemi fyrirtækisins breyst mjög á undanförunum árum. Óhætt er að fullyrða að vel hafi tekist til með nýtt húsnæði.

Starfsmenn RARIK voru 196 í árslok, auk 11 starfsmanna hjá Orkusölu og hafði samtals fækkað um 8 frá árinu áður. Meðalaldur starfsmanna er nokkuð hár og starfsaldur óvenju hár, þannig að búast má við nokkurri endurnýjun í mönnun fyrirtækisins á næstu árum. Undanfarin misseri hefur gengið treglega að manna þau störf sem losnað hafa, sérstaklega hvað varðar iðnaðarmenn, en einnig tæknifólk.

RARIK tók þátt í ráðstefnu á vegum hagsmunaaðila um afleiðingar rafmagnsslysa, en nokkur alvarleg slys hafa orðið hér á landi á undanförunum árum. Afleiðingar rafmagnsslysa eru alvarlegar svo nauðsynlegt er að uppfærða og efla öryggisvitund starfsmanna. Á undanförunum árum hafa reglulega verið haldin námskeið um öryggismál hjá RARIK og var á árinu undirbúið átak í námskeiðshaldi vegna öryggismála.

## STEFNUMÓTUN STJÓRNAR

Stjórn RARIK hóf stefnumótunarvinnu fyrir fyrirtækið upp úr miðju ári og lauk þeirri vinnu í október. Þar var farið yfir hlutverk fyrirtækisins og framtíðarsýn, ásamt því að setja fram afkomumarkmið og helstu stefnumál. Þar kemur meðal annars fram að stefnt er að því að efla starfsemi fyrirtækisins í einkaleyfisstarfsemi með hugsanlegum veitukaupum. Einnig er stefnt að því að taka þátt í ráðgjafa og þróunarverkefnum innanlands og erlendis, en síðastliðið sumar ákvað stjórn að fjárfesta í fyrirtæki í Noregi, Bláfall Energi, sem undirbýr byggingu 40-50 lítilla virkjana þar. Í kjölfar stefnumótunarvinnu stjórnar var ákveðið í árslok að stofna sjálfstætt fyrirtæki til að halda utan um ráðgjafa og þróunarverkefni RARIK innanlands og erlendis og hefur það nú verið gert. Ákveðið var að leggja félaginu til beina fjármuni í formi hlutafjár, en einnig verði eignahlutar í Bláfall lagðir inn í félagið. Enn fremur er gert ráð fyrir að þróunarverkefni innanlands verði lögð inn í fyrirtækið og önnur verkefni erlendis.







## ÁRSFUNDUR RARIK 2007

Fyrsti aðalfundur RARIK ohf. var haldinn 27. apríl 2007 í Salnum í Kópavogi. Sveinn Þórarinsson, fráfarandi formaður setti aðalfundinn og því næst flutti Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri skýrslu stjórnar og forstjóra fyrir síðastliðið ár. Árið 2006 var viðburðaríkt í starfsemi RARIK og bar þar hæst formbreyting fyrirtækisins úr ríkisfyrirtæki í opinbert hlutafélag. Þessi formbreyting var samþykkt á Alþingi þann 3. apríl 2006 eða réttum 60 árum eftir að lög um stofnun Rafmagnsveitna ríkisins voru samþykkt á Alþingi, þann 2. apríl 1946. Stofnfundur hlutafélagsins var 12. júlí 2006, en félagið tók til starfa þann 1. ágúst 2006.

Á stofnfundinum 2006 var skipuð ný 5 manna stjórn. Sú stjórn var endurkjörin á aðalfundinum. Hana skipa þau Berglind Hallgrímsdóttir, Elín R. Líndal, Hilmar Gunnlaugsson, Ingibjörg Sigmundsdóttir og Sveinn Þórarinsson. Stjórnin skipti með sér verkum að loknum aðalfundi og var Hilmar Gunnlaugsson kjörinn formaður,

*Ólík viðhorf til nýtingar auðlinda og eignarréttar var umfjöllunarefni í erindi Þorsteins Pálssonar, ritstjóra Fréttablaðsins.*



Sveinn Þórarinsson, fráfarandi formaður, var kjörin varaformaður og Ingibjörg Sigmundsdóttir ritari.

### VEL HEPPNAÐ MÁLPING

Rafmagn í fortíð, nútíð og framtíð var þema afmælistálfings RARIK ohf. sem fram fór í Salnum í Kópavogi föstudaginn 27. apríl. Málþingið hófst kl. 14:00 að loknum aðalfundi RARIK ohf. og var öllum opið.

Áramótin 2005-2006 urðu mikil tímamót í raforkumálum á Íslandi þegar viðskipti með raforku voru gefin frjáls. Í ágúst 2006 var fyrirtækið gert að opinberu hlutafélagi og um áramótin 2006-2007 færðist eignarhald á RARIK til fjármálaráðuneytisins eftir að hafa verið hjá iðnaðarráðuneytinu um langa hríð. RARIK átti jafnframt 60 ára afmæli á árinu og blásið var til málþingsins til þess að fagna stórafmælinu, minnst sögu RARIK og horfa til framtíðar með nýju rekstrarformi.

Samkoman hófst með söng Vallargerðisbræðra sem fluttu nokkur lög við góðar undirtektir. Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra flutti síðan ávarp og má segja að þar hafi iðnaðarráðuneytið kvatt RARIK formlega og látið það í hendurnar á fjármálaráðuneytinu.

Sveinn Þórðarson sagnfræðingur flutti fróðlegt erindi um sögu rafmagns á Íslandi í 100 ár og Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, fjallaði á afar skemmtilegan hátt um þegar rafmagn kom á æskuheimili hennar, Lómatjörn.

Steinunn Huld Atladóttir, gæða- og umhverfisstjóri RARIK, rakti í erindi sínu frampróun þá sem orðið hefur hjá RARIK og sterka vitund fyrirtækisins til umhverfismála. Ólík viðhorf til nýtingar auðlinda og eignarréttar var umfjöllunarefni í hressilegu og kjarnyrta erindi Þorsteins Pálssonar, ritstjóra Fréttablaðsins.

## RARIK TEKUR ÞÁTT Í STOFNUN ORKUSKÓLA

Stjórn RARIK ohf. ákvað að leggja 20 milljónir króna í fyrirtækið Orkuvörð ehf. sem nýttast á til stofnunar orkuskóla á Akureyri. Er þátttakan í tilefni af 60 ára afmæli RARIK og er stærsta samfélagslega verkefni sem RARIK hefur tekið þátt í.

Í 60 ára afmælishófi RARIK í Gerðarsafni sem haldið var í kjölfar aðalfundar og málþings, afhenti Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri RARIK, Benedikt Sigurðarsyni frá Orkuverði ehf yfirlýsingu um þátttöku RARIK.

Orkuvörður ehf hefur það eina hlutverk að stofna og reka sérhæfðan háskóla á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, RES- School for Renewable Energy Science. Mikil þekking er nú þegar til staðar á sviði endurnýjanlegra orkugjafa á Íslandi og með stofnun orkuskólans er tryggt að landið verði áfram í forystuhlutverki í heiminum á sviði rannsókna og nýtingar á endurnýjanlegri orku.



Í 60 ára afmælishófi RARIK í Gerðarsafni afhenti Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri RARIK, Benedikt Sigurðarsyni frá Orkuverði ehf yfirlýsingu um þátttöku RARIK í stofnun orkuskóla á Akureyri.

Undirbúningur að stofnun orkuskóla á Akureyri hefur staðið frá árinu 2004. Stefnt er að því að bjóða upp á B.Sc nám í orkufræðum ásamt eins árs meistaranámi. Gert er ráð fyrir að skólinn hefji starfsemi haustið 2007.

Meginverkefni RES verður að bjóða eins árs alþjóðlegt meistaranám í vistvænni orkunýtingu, samtals 45 einingar eða 90 ECTS. Byggt er á svokölluðu Bologna ferli um samræmingu á háskólastiginu í Evrópu og áformum um uppbyggingu evrópsks rannsóknasvæðis.

Stefnt er að því að RES bjóði í náninni framtíð nám á öllum sviðum endurnýjanlegra orkugjafa; jarðvarma, vatnsafls, vindorku, sjávarfallaorku, sólarorku, lífmassa og fleiru, auk áherslu á efnarafala og þá sérstaklega á vetni sem orkubera.

## FJÁRMÁL 2007

Árið 2007 var fyrsta heila rekstrarár RARIK ohf, en félagið hóf starfsemi sína 1. ágúst 2006 er það tók yfir

rekstur Rafmagnsveitna ríkisins. Rekstri félagsins var í ársbyrjun skipt upp í sérleyfisstarfsemi, sem er hjá móðurfélaginu RARIK ohf, og samkeppnisrekstur, sem færður var til dótturfélagsins Orkusölnunnar ehf. Á árinu var lokið við byggingu síðari áfanga Lagarfossvirkjunar og var það stærsta einstaka fjárfestingarverkefnið.


Ársreikningur félagsins er nú gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem samþykktir hafa verið af Evrópusambandinu. Með þessari framsetningu ársreikningsins er ætlunin að gefa glöggt yfirlit yfir þróun og árangur rekstrarins, stöðu eigna, skulda og eigin fjár. Samstæðuársreikningurinn fyrir árið 2007 hefur að geyma ársreikning RARIK ohf og Orkusölnunnar ehf.

## HALLI Á REKSTRI

Rekstrartekjur ársins voru 7.436 mkr og rekstrargjöld með afskriftum 6.947 mkr eða 489 mkr í hagnað fyrir fjármagnsliði. Heildarafkoma var tap sem nemur 191 mkr en þar vegur afkoma hlutdeildarfélagins Landsnets hf þungt eða 178 mkr. Samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir 26.442 mkr og er eigið fé 14.737 mkr og var eiginfjárlutfall því 56% í árslok. Heildarskuldir námu 11.706 mkr og var hlutfall langtímaskulda um 60% en langtímafjármögnum vegna byggingar Lagarfossvirkjunar var ekki lokið á árinu. Eigið fé félagsins hækkar á árinu um 553 mkr. Sú hækkun skýrist af breytingu á endurmatsreikningi en hækkun hans er 740 mkr eða sem nemur hækkun á mati virkjana til gangvirðis þegar tillit hefur verið tekið til skatta við endurmatið.

Móðurfélaginu RARIK ohf eru settar skorður varðandi gjaldskrá. Er það í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65 frá 2003 þar sem Orkustofnun er falið að ákveða tekjumörk dreifiveitna. Viðmið tekjumarka er m.a. rekstrarkostnaður fyrri ára með ákveðnum skilyrðum og takmarkaðri arðsemi á bundið fé í dreifiveitu.

## SKIPTING EIGNA Í ÁRSLOK 2007




## DREIFIKERFI

Í ársbyrjun 1991 gekk ofsaveður yfir landið með mikilli ísingu, einkum á norðanverðu landinu. Ísing hlóðst á raflínum og staura og margfaldaði þyngd þeirra. Ásamt vindálaginu sligaði ísingin línur uns þær slitnuðu með tilheyrandi brotum á staurum. Í þessu áhlaupi brotnuðu 525 rafínustaurar. Með samstilltu átaki vinnuflokka víða af á landinu tókst tiltölulega fljótt að ljúka bráðabirgðaviðgerð og koma rafmagni á.

## STRENGVÆÐING Í DREIFBÝLI

Þessi óskemmtilega reynsla leiddi m.a. til þess að ákveðið var að endurnýja margar af hinum skemmdu línur með jarðstreng, einkum á þeim svæðum sem verst lágu við slíku veðri að sögn staðkunnugra. Annað álika áhlaup 1995 staðfesti þörfina. Segja má að nær allar nýjar línur og endurnýjun frá 1991 hafi verið með jarðstrengjum.

### NÝJAR LAGNIR Í DREIFIKERFI RARIK 1988-2007



Fram undir 1990 voru jarðstrengir afar dýr kostur, en verð lækkaði og kostnaður við strenglagnir varð sambærilegur við línubyggingar í dreifikerfinu og í dag eru jarðstrengir ódýrari kostur í dreifilínunum víðast hvar þar sem spennan er 11-33 kV. Eftir því sem spenna er hærri, verða jarðstrengir þó dýrari og eru enn óraunhæfur kostur fyrir stærstu flutningslínur. Það hafði veruleg áhrif til lækkunar kostnaðar við framkvæmdir, að farið var að plægja niður strengi í dreifbýlinu, í stað þess að grafa þá niður. Þetta var mun ódýrari aðferð og auk þess veldur plægning mun minni röskun á umhverfinu, þar sem plögfarið hverfur




á stuttum tíma. Frá 1991 hefur strengvæðingin stöðugt aukist í dreifbýli og nú er svo komið að af um 8.000 km dreifikerfi RARIK, eru um 2.600 km jarðstrengir.

Eins og sjá má af mynd af þróun dreifikerfisins síðustu áratuginna er loftlínukerfið á undanhaldi og nánast öll endurnýjun og aukning frá 1991 hefur verið með strenglögnum. Síðustu 6 ár hafa verið að meðaltali lagðir um 2-300 km af strengjum árlega. Árið 2007 voru lagðir 305 km af háspennustrengjum og þar af voru 188 km sem endurnýjun á einfasa línukerfi.

Af verkefnum í dreifikerfinu 2007 má nefna að lokið var við endurnýjun í Sléttuhlíð Skagafirði og þar með tengdust kerfin í Skagafirði og Fljótum saman þannig að nú getur Skeiðsfossvirkjun þjónað sem varaafli allt að Hofsósi. Töluverð stækkun varð á dreifikerfi í dreifbýli á árinu enda verkefnin mörg. Í tengslum við GSM væðingu hringvegarins og uppsetningu Tetrakerfis voru lagðar langar háspennulagnir að fjarskiptahúsum á heiðum og fjallatoppum víða um land.

### ORKUSKERÐING VEGNA TRUFLANA



## Dreifikerfi

Rafvæðing frístundabyggðar var fyrirferðamikil eins og áður á Suður- og Vesturlandi en lagðar voru á sjötta hundrað heimtaugar í sumarhús á þessu svæðum. Hafnar voru framkvæmdir við nýtt byggingarsvæði á Selfossi sem var komið inn á dreifiveitusvæði RARIK. Nokkur ágreiningur varð við Hitaveitu Suðurnesja um dreifiveitumörkin og breytingu þeirra. Ekki kom til slíkra breytinga og niðurstaðan er að bæði HS og RARIK munu þjóna þéttbýlinu á Selfossi.

Á Grenivík og Hofsósi var unnið að endurnýjun og breytingum á dreifikerfinu samfara lagningu hitaveitu á þessum stöðum. Hafin var tenging Gúls- og Bjólfsvirkjunar í Fjarðará við 11 kV dreifikerfið á Seyðisfirði. Varaafsstöð á Borgarfirði eystri var útbúin sjálfvirkri ræsingu og gerð fjarstýranleg þannig að nú er hægt að stjórna varaafskeyrslu með fjarstýringu RARIK án þess að manna þurfi stöðina, enda enginn fastur starfsmaður á Borgarfirði.

Áætluð orkuskerðing vegna rekstrartruflana í kerfi RARIK hefur minnkað á milli ára en áætlað er að skerðing hafi numið um 280 MWh á árinu 2007, en hún hefur verið um 350 MWh á síðustu árum. Við það bætast truflanir sem eiga orsök sína að rekja í landskerfinu. Margar krappar lægðir gengu yfir landið í nóvember og desember og fjölgaði fyrirvaralausum truflunum vegna náttúruafla

*Síðastliðið vor lauk vel heppnaðri borun með jarðbornum "Sleipni" í Reykjadal fyrir hitaveitu Dalabyggðar.*



### HITAVEITUR 2007

|               | Vatns-<br>magn<br>m <sup>3</sup> | *Hiti<br>°C | Orka<br>MWh |
|---------------|----------------------------------|-------------|-------------|
| Dalabyggð     | 308.628                          | 62          | 11.486      |
| Siglufljörður | 607.987                          | 66          | 25.455      |
| Blönduós      | 720.842                          | 59          | 24.312      |
| Höfn          | 431.946                          | 77          | 19.312      |
| Seyðisfjörður | 253.554                          | 77          | 10.749      |

*Orka er áætluð miðað við 30°C meðal-bakrásarhita í jarðhita, en 40°C hjá R/O veitum. \*Hitastig í töflunni sýnir meðalhita við húsvegg. (Hitafalli í kaloríum umbreytt í orku). Í R/O veitum er orka mæld að mestu.*

miðað við meðaltal árana 2002-2006. Tjón í þessum truflunum var óverulegt og straumleysi ekki víðtækt og skerðing lítil. Mun víðtækara og meira straumleysi orsakaðist af bilunum í flutningskerfi Landsnets á þessum tíma. Telja má fullvíst að strengvæðing síðustu ára hafi komið í veg fyrir stóraföll eins og tíð voru hér á árum áður í kerfi RARIK.

### HITAVEITUR

Á árinu tókst að afla viðbótarvatns fyrir hitaveitur í Dalabyggð og á Blönduósi með vel heppnuðum borunum. Auk þess var unnið að jarðhitaleit á nokkrum stöðum. Settir voru upp orkumælar fyrir heildarnotkun allra jarðvarmavirkjana í eigu RARIK.

Í apríl 2007 lauk borun 1493 metra skáholu í Reykjadal fyrir hitaveitu Dalabyggðar. Afkastageta holunnar eru 20-25 sekúndulítrar af 83 gráðu sjálfrennandi vatni og 40-50 sekúndulítrar með dælingu. Mesta álag á hitaveituna á árinu voru 16 sekúndulítrar. Undanfarna vetur hefur veitan búið við vatnsskort yfir mesta álagstímamann. Allt bendir til þess að hitaveitan hafi nú nægilegt vatn til næstu áratuga.

Í febrúar 2007 lauk borun 1500 metra lóðréttrar holu við Reyki í Húnavatnshreppi fyrir hitaveitu Blönduóss sem fyrir hafði 75 gráðu heitt vatn. Með boruninni var ætluð að afla meira og heitara vatns í þeim tilgangi að leggja hitaveitu til Skagastrandar og um dreifbýlið. Úr svæðinu fæst nú a.m.k. 40 sekúndulítra meðalrennsli af 73-75 gráðu heitu vatni. Sá árangur dugur fyrir núverandi hitaveitu Blönduóss og jafnframt fyrir nýrri hitaveitu til Skagastrandar sem í athugun er að leggja. Hið lága hitastig vatnsins er þó takmarkandi fyrir getu og hagkvæmni til dreifingar í dreifbýlinu.

Frá virkjunarsvæði hitaveitu Siglufljarðar bar á grænleitri sliktu í vatninu sem glöggir menn tóku fyrst eftir í sundlaug bæjarins. Rannsókn efnafræðinga ÍSOR leiddi í ljós að vatnið innihélt magnesíum sem talið er að titringur frá sprengingum í Héðinsfjarðargöngum hafi valdið. Magnesíuminnihald vatnsins komst í jafnvægi og varð það aldrei skaðlegt.

Á Vesturlandi stendur RARIK fyrir jarðhitaleit í Fróðárhreppi í Snæfellsbæ. Boraðar voru þrjár 60 m holur. Gerð var tilraun til TEM-viðnámsmælinga vestan Gufuskálamóða. Vegna aðstæðna var ekki unnt að ljúka mælingunum. Engar hagstæðar niðurstöður hafa enn fengist í jarðhitaleitinni í Snæfellsbæ.

Á Austurlandi hefur RARIK í samvinnu við sveitarfélögin á Djúpavogi og Hornafirði staðið að jarðhitaleit. Leitinni er ekki lokið en niðurstöður af fengnum upplýsingum lofa góðu.

## LAGARFOSSVIRKJUN STÆKKUÐ

Með ákvörðun um byggingu Kárahnjúkavirkjunar var ljóst að jökulárnar Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal yrðu virkjaðar í einni virkjun niður í Fljótsdal og frárennslinu veitt í Lagarfljót. Þeir vatnaflutningar valda auknu rennsli í Lagarfljóti árið um kring og við það sköpuðust aðstæður til stækkunar Lagarfossvirkjunar. Rennsli í gegnum nýjan hluta Lagarfossvirkjunar verður um 125 m<sup>3</sup>/sek við fullt afl og virkar hún því einnig sem mótvægisáðgerð til að draga úr áhrifum aukins vatnsmagns á hækkun vatnsborðs í Lagarfljóti.

Undirbúningur að verkhönnun fyrir stækkun Lagarfossvirkjunar hófst á árinu 2003 og í árslok lá fyrir verkhönnunarskýrsla sem unnin var af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. (VST) og Rafteikningu hf. (RT). Niðurstöður verkhönnunarinnar bentu eindregið til þess

að hagkvæmt væri að auka afl virkjunarinnar um allt að 20 MW með um 130 GWh orkuaukningu á ári.

VST og RT hafa á öllum stigum verið hönnuðir og ráðgjafar RARIK varðandi undirbúning og framkvæmdir við stækkun og endurnýjun virkjunarinnar. Þess má einnig geta að eldri hluti virkjunarinnar var hannaður af VST á sínum tíma. Verkfræðistofan Annað veldi ehf. skilaði greinargerð vorið 2004 um arðsemi stækkunarinnar og var niðurstaðan sú að um afar hagkvæman kost væri að ræða. Í kjölfar þess ákvað stjórn RARIK að sækja um heimildir til framkvæmda við stækkun virkjunarinnar. Jafnframt var ákveðið að endurnýja ýmsan stjórnþunað í eldri hluta Lagarfossvirkjunar m.a. gangráð, varnar- og segulmögnumarbúnað.

## UNDANÞEGIN UMHVERFISMATI

Stækkun Lagarfossvirkjunar er framkvæmd sem var tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. RARIK tilkynnti því fyrirhugaða stækkun til Skipulagsstofnunar í maí 2004 og var óskað eftir því að stækkun virkjunarinnar yrði undanþegin mati á umhverfisáhrifum. Með úrskurði í júní 2004 féllst Skipulagsstofnun á ósk RARIK. Ekki bærust neinar kærur á ákvörðun stofnunarinnar.

Virkjunarleyfi vegna stækkunar Lagarfossvirkjunar um allt að 20 MW var gefið út af páverandi iðnaðarráðherra Valgerði Sverrisdóttur þann 11. janúar 2005. Í kjölfar þess veitti Fljótsdalshérað byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi fyrir virkjunarframkvæmdum í byrjun apríl sama ár.

*Við Lagarfossvirkjun 2007.*





Frá vísgu Lagarfossvirkjunar 6. október 2007.

Framkvæmdir við stækkun Lagarfossvirkjunar fólu í sér stækkun stöðvarhúss, dýpkun og breikkun aðrennslisskurðar, byggingu nýs inntaks auk aðrennslisganga, framleiðslu og uppsetningu á hverfli, rafala og öðrum búnaði fyrir nýja vélasamstæðu, ásamt lagfæringu á vegi að stöðvarhúsi og færslu vegar á bráðabirgðabruú vegna framkvæmda við inntak svo fátt eitt sé nefnt. Lagarfossvirkjun er rennslisvirkjun og notuð er svokölluð Kaplan vatnsvél (hverfill).

Útboð á vélum og rafbúnaði vegna stækkunarinnar var gert í október 2004 og á byggingarhluta um miðjan desember það ár. Í kjölfar þess var síðan annar búnaður boðinn út. Samið var við Litostroj frá Slóveníu um smíði á hverfli og gangráði og við Končar frá Króatíu um smíði á rafala og segulmögnunarbúnaði. Í apríl 2005 var samið við Íslenska aðalverktaka hf. (ÍAV) um byggingarhluta virkjunarinnar. Framangreindir verksamningar eru langstærstir þeirra verksamninga sem gerðir voru við framkvæmdina.

ÍAV hóf framkvæmdir á verkstað um miðjan apríl 2005. Þar sem grafa þurfti 13 m niður fyrir sjávarmál eða við Lagarfossvirkjun.

allt að 17 m undir yfirborð bakvatns eldri virkjunarinnar þurfti að byggja mikla vatnsvarnarstíflu norðvestur af stöðvarhúsinu til að halda Lagarfjótí frá grunninum. Lokið var við gerð varnarstíflunnar í september 2005, en stíflan var síðan fjarlægð í október 2006.

Seinni hluta árs 2005 og fram á mitt ár 2006 vann ÍAV nær eingöngu við uppsteypu stöðvarhússins, en það varð fokhelt í júní 2006.

Litostroj hófst handa við niðursetningu stálfóðringar sográsar í mars 2006. Voru starfsmenn Litostroj í kjölfar þess meira og minna á svæðinu þar til vél 2 var fullprófuð og komin í rekstur sumarið 2007. Eldri vél virkjunarinnar var stöðvuð um mánaðamótin maí/júní 2006 og í framhaldi ráðist í breikkun og dýpkun aðrennslisskurðarins. Framkvæmdir hófust í júní 2006 og lauk að fullu í október sama ár.

Unnið var að endurnýjun á ýmsum stjórnubúnaði í eldri vélinni, svo sem gangráði, segulmögnunarbúnaði og öðrum stjórnubúnaði. Lauk vinnu við endurnýjun eldri hlutans um svipað leyti og lokið var við rýmkun aðrennslisskurðarins.



Um sumarið og haustið 2006 var unnið við að koma vélbúnaði nýja hverfilsins fyrir. Rafallinn kom til landsins í janúar 2007 og var fluttur nær samdægurs frá Reyðarfirði að virkjuninni, en hér var um 150 tonna þungaflutning að ræða. Sjálfur vegur rafallinn um 96 tonn. Niðursetning rafalans gekk vel og gátu prófanir hafist um miðjan apríl. Spennir fyrir nýju vélini var settur upp í maí og prófanir voru framkvæmdar í beinu framhaldi. Nýja vélin var að mestu tilbúin í maí 2007 og tengt var við netið í fyrsta sinn þann 18. maí, en endanlegar prófanir gátu þó ekki farið fram fyrr en í júlí.

Samkomulag var gert á milli fyrirtækjanna RARIK og LV um að RARIK tæki að sér að lækka klapparhaft ofan flóðgátta svo og að rýmka flóðfarveg neðan þeirra, en það var hluti mótvægisáðgerða vegna Kárahnjúkavirkjunar. Var verk þetta unnið í mars og apríl 2007.

Samningaviðræður við landeigendur við Lagarfliót hafa staðið yfir í nokkur ár og hefur RARIK m.a. farið fram á að fá að stýra lokum á sumrin eftir að klapparhaft hefur verið lækkað. Bráðabirgðasamkomulag náðist í júní 2007 um að fá að halda vatnshæð í 19,3 m y.s. við Lagarfossvirkjun sumarið 2007. Unnið hefur verið að því að ná endanlegu samkomulagi á milli aðila. Samkomulag náðist í árslok 2007 um bætur til landeigenda vegna landbrots við Lagarfliót yfir 22 m y.s. Var það langþráð samkomulag en bætur vegna þessa þáttar voru skildar eftir við uppkvaðningu Gerðardóms árið 1987. Einnig hafa átt sér viðræður við fulltrúa Veiðifélags Lagarflióts og náðst samkomulag um viss atriði en önnur eru ekki til lykta leidd.

Um miðjan júní 2007 var mannvirkjagerð að mestu lokið en þá voru aðeins eftir lagfæringar og minniháttar frágangur á þeim verkþáttum. Sumarið 2007 var unnið við prófanir og stillingar á vél 2 og frágangi á húsi og umhverfi og vígsludagur ákveðinn 6. október 2007.

Kostnaðurviðstækkun Lagarfossvirkjunarvaráætlaður 2.825 mkr. á verðlagi í janúar 2003 sem samsvarar um 3.400 mkr. á verðlagi í ágúst 2007. Bendir allt til þess að sú kostnaðaráætlun standist og að verkið verði jafnvel innan þeirra marka þrátt fyrir að ráðist hafi verið í ýmsar aðgerðir sem ekki voru á dagskrá í upphafi. Segja má að í meginráttum hafi tímasetningar einnig staðist þrátt fyrir seinkanir á einstökum verkþáttum.

## AÐRIR VIÐBURÐIR

### RARIK FLYTUR

Eftir áratuga veru við Hlemm, fluttu skrifstofur RARIK í Reykjavík í nýtt húsnæði við Bíldshöfða 9. Þá er Orkusalan ehf í sama húsi. RARIK leigði fyrrverandi húsnæði við Rauðarárstíg af fasteignum ríkissjóðs í 28 ár. Húsnæðið var fyrir löngu orðið óhentugt fyrir reksturinn, aðkoma erfið fyrir viðskiptavini og bílastæði af skornum skammti.

Hið nýja húsnæði er í eigu BYGG og er innréttað og sniðið að þörfum RARIK í takt við nútímakröfur. Gerður er leigusamningur nokkur ár fram í tímann.

*RARIK hefur flutt skrifstofur sínar í Reykjavík í nýtt húsnæði við Bíldshöfða 9. Orkusalan ehf er í sama húsi.*



# Verkefni erlendis

## TJÓN ER AÐRENNSLISPÍPA BRAST

Mikið tjón varð á Sauðárkróki í aprilmánuði 2007 þegar aðveitupípa Gönguskarðsárvirkjunar gaf sig og vatn og aur flæddi á 7 hús og 2 bíla skammt frá rafstöðinni. Engin slys urðu á mönnum.

Um klukkan 9 að morgni varð atburðarás sem leiddi til þess að pípan brast. Vinnuvélar slitu háspennustreng sem olli útleysingu í stöðvarhúsi, og skyndileg hindrun í vatnsrásinni í stöðvarhúsinu olli þrýstihöggi sem sprengdi pípunna. Starfsmenn RARIK brugðust skjótt við og lokuðu fyrir vatnsrennsli pípunnar uppi við stíflu og liðu ekki nema 15-20 mínútur frá því lekans varð vart þar til rennslið var stöðvað. Þá hafði þegar safnast saman mikið vatn upp á brúninni fyrir ofan stöðvarhúsið og síðan brast jarðvegur undan vatninu með fyrrgreindum afleiðingum.

Þjörgunarsveitir úr Skagafirði, bæjarstarfsmenn ásamt verktökum og vinnuflokki RARIK, unnu að hreinsun samdægurs og gekk verkið vel.

Tryggingamiðstöðin hf., sem er váttryggjandi RARIK, bætti tjónið.

## VERKEFNI ERLENDIS

### BLÁFALL ENERGI

Sumarið 2007 samþykkti stjórn RARIK að fyrirtækið fjárfesti fyrir um 200 mkr í Bláfall Energi sem hefur það á stefnu sinni að byggja 40 - 50 vatnsaflstöðvar í Noregi,

Frá Noregi



Mikið tjón varð á Sauðárkróki í aprilmánuði 2007 þegar aðveitupípa Gönguskarðsárvirkjunar gaf sig.

hverja um sig allt að 7 MW eða samtals 150 MW, á næstu 5 árum. Við þessa fjárfestingu fékk RARIK einn fulltrúa í fjárfestingaráð Bláfall Energi.

Fjárfestingaráðið hefur þegar samþykkt nær 20 virkjanir með um 50 MW afli og eru þær komnar í vinnslu í undirbúningi og þegar búið að skrifa undir fyrstu samningana við landeigendur. RARIK greiðir hlutfé sitt í takt við stöðu og gang mála. Unnið er að því að íslenskir sérfræðingar taki þátt í undirbúningi og hönnun.

### DEVISON

Á undanförunum misserum hefur komið til umræðu hjá RARIK sá möguleiki að taka þátt í verkefnum tengdum veitum eða virkjunum á Balkanskaga eða öðrum svæðum í SA-Evrópu. RARIK stofnaði ásamt öðrum aðilum fyrirtækið Devison í ágúst 2007 sem hefur aðsetur hér á landi en hefur einnig skrifstofu í Slóveníu sem þjónar SA-Evrópu.

Hlutverk Devison er m.a að leita skipulega að verkefnum fyrir eigendur sína og jafnframt að öðrum áhugaverðum verkefnum sem síðan væru seld þriðja aðila. Þá verður verkefni Devison að móta þau verkefni sem eigendur ákveða og fylgja eftir þeim verkefnum sem eigendur taka þátt í. Megin áhersla verður lögð á endurnýjanlega orkugjafa en einnig litið til annarra möguleika.

### ÖNNUR VERKEFNI

Ýmis verkefni hafa verið skoðuð þó ekki hafi orðið af þátttöku, þar á meðal rafvæðingarverkefni í Burkina Faso sem RARIK bauð í ásamt franska fyrirtækinu Clemessy. Um var að ræða byggingu fjögurra aðveitustöðva við höfuðborg landsins, Okaduku. Þá var athuguð 110 MW virkjun í Laos og möguleikar í löndum fyrrum Sovétríkjanna og í Tyrklandi hafa verið skoðaðir og er líklegt að framhald verði á þeim athugunum.



## UM ORKUSÖLUNA

Orkusalan ehf. var stofnuð 10. mars 2006 en formleg starfsemi hennar hófst 1. febrúar 2007. Orkusalan er dótturfyrirtæki RARIK og er tilgangur þess fyrst og fremst að sjá um kaup, sölu og framleiðslu raforku í smásölu.

Með breytingum á raforkulögum í janúar 2005 var sala á raforku gefin frjál. Samkeppni var innleidd í raforkuframleiðslu og raforkusölu en flutningur frá virkjun til neytenda er eftir sem áður háður einkaleyfi. Við stofnun Orkusölnnar hætti RARIK raforkusölu en sér eftir sem áður um dreifingu raforku á sínum svæðum.



Magnús Kristjánsson

Orkusalan ehf. er með starfsstöðvar á þremur stöðum á landinu, Reykjavík, Akureyri og Hvolsvelli. Virkjanir í eigu Orkusölnnar eru Rjúkandavirkjun, Skeiðsfossvirkjun, Grímsárvirkjun, Lagarfossvirkjun og Smyrlabjargaárvirkjun. Uppsett afl þeirra er 35,9 MW. Þessar virkjanir voru áður í eigu RARIK.



Markmið Orkusölnnar er að vera leiðandi fyrirtæki í sölu raforku og þjónustu við raforkukaupendur. Framkvæmdastjóri Orkusölnnar ehf er Magnús Kristjánsson.

## STARFSMANNAMÁL

### FÆKKUN STARFMANNA

Nokkuð var um mannabreytingar á árinu. Starfsmenn hættu af ýmsum ástæðum, fóru á eftirlaun eða fundu sér nýjan farveg og einnig fluttust starfsmenn milli sviða. Miklar breytingar á starfsemi RARIK með tilkomu dótturfélagsins Orkusölnnar hafa í för með sér flutning starfsmanna til Orkusölnnar. Erfiðlega hefur einnig gengið að ráða í störf rafíðnaðarmanna í sumum vinnuflokkanna. Þetta hefur í för með sér fækkun starfsmanna hjá RARIK ohf og voru þeir einungis 196 í árslok samanborið við 215 í lok ársins 2006. Starfsmenn Orkusölnnar voru 11 í árslok, svo fækkun er um 8 starfsmenn hjá samstæðunni, þrátt fyrir vaxandi verkefni.

### SKIPTINEMAR

Skiptinemi frá Indónesíu var við störf hjá RARIK á árinu á vegum AIESEC, stúdentasamtakanna. RARIK hefur um áratugaskeið átt samstarf við þau og systursamtök þeirra IAESTE um starfaskipti. Hingað hafa komið háskólanemar

frá tugum landa og mörgum heimsálfum og hefur þetta samstarf verið afar farsælt. Fyrirtækið hefur notið starfskrafta þeirra jafnframt því sem þeir hafa veitt okkur starfsmönnum innsýn í aðra og jafnvel framandi menningu. Svo má ekki gleyma því að með því að ráða skiptinema til starfa hefur RARIK skapað íslenskum námsmönnum á háskólastigi sambærileg tækifæri á erlendri grundu.

### FÉLAGSSTARF

Félagsstarf blómstraði sem fyrr hjá starfsfólki RARIK á árinu 2007. Golfmót voru haldin, hangikjötsskemmtun og önnur mannamót sem tókust vel og starfsmenn hvaðanæva að á landinu brugðu sér á árshátíð í Reykjavík þetta árið í tilefni 60 ára afmælisins. Þá komu Sunnlendingar og Vestlendingar í formlega heimsókn í nýju húsakynnin í byrjun nóvember.

### ÖRYGGISMÁL

Fyrir þá sem starfa við rafmagn eru öryggismál mikilvæg. Undanfarin ár hafa verið haldin ýmis námskeið fyrir starfsmenn RARIK um land allt. Á námskeiðum um öryggismál er markmiðið tvíþætt; annars vegar að efla öryggisvitund starfsmanna og hins vegar að kynna nýjungar í starfseminni sem varða þá beint. Á námskeiðunum er jafnframt leitast við að virkja starfsmenn í að koma með ábendingar um það sem betur má fara í starfseminni og unnið úr tillögum þeirra í kjölfarið.

Sumarið 2007 var haldin ráðstefna á vegum samtaka helstu hagsmunaaðila á rafmagnssviði og heilbrigðisyfirvalda um afleiðingar rafmagnsslysa. Á Íslandi hafa orðið nokkur mjög alvarleg slys af völdum rafmagns og því er mjög nauðsynlegt að efla alla umræðu um forvarnir og viðbrögð við slíkum slysum.

RARIK - Open á Húsavík 2007



# Ýmsar tölulegar upplýsingar

## STARFSMENN 2007

Ársverk og fjöldi í árslok

|                                  | 2006 | 2007 |
|----------------------------------|------|------|
| Skrifstofa forstjóra og stoðsvið | 61   | 48   |
| Orkuvinnsla og sölusvið          | 16   | 13   |
| Veitusvið                        | 45   | 50   |
| Rekstrar- og þjónustusvið        | 93   | 85   |
| Samtals                          | 215  | 194  |
| Stöðugildi                       | 212  | 194  |
| Starfsmenn dótturfyrirtækja      | 0    | 11   |
| Ársverk samtals                  | 217  | 221  |

## ORKUFLÆÐI Í DREIFIKERFI RARIK 2007

| Innmötun                 | GWh   |
|--------------------------|-------|
| Landsnet                 | 951   |
| - þar af ótryggð orka    | 150   |
| Virkjanir og varmaafli   | 106   |
| - þar af virkjanir RARIK | 67    |
| Samtals innmötun         | 1.057 |
| Úttekt                   | GWh   |
| RARIK                    | 998   |
| Dreifikerfi              | 976   |
| Stofnkerfi               | 22    |
| Töp í dreifikerfi        | 59    |
| Samtals úttekt           | 1.057 |

## DÍSILVINNSLA 2007

| Landshluti | kWh       |
|------------|-----------|
| Vesturland | 140.002   |
| Norðurland | 922.219   |
| Austurland | 190.130   |
| Suðurland  | 51.671    |
| Samtals    | 1.304.022 |

Á Norðurlandi er notkun í Grímsey 872 MWh af um 922 MWh, eða um 95%. Annars staðar er um að ræða varaafli.

## ORKUNOTKUN 2007

eftir staðsetningu

|            | GWh | %    |
|------------|-----|------|
| Vesturland | 178 | 18%  |
| Norðurland | 247 | 25%  |
| Austurland | 315 | 32%  |
| Suðurland  | 236 | 24%  |
| Samtals    | 976 | 100% |
| Þéttbýli   | 575 | 59%  |
| Dreifibýli | 401 | 41%  |
| Samtals    | 976 | 100% |

## ORKUNOTKUN 2007

eftir notkunarflokki

|             | GWh | %    |
|-------------|-----|------|
| Heimili     | 267 | 27%  |
| Iðnaður     | 248 | 25%  |
| Landbúnaður | 207 | 21%  |
| Þjónusta    | 141 | 14%  |
| Veitur      | 73  | 7%   |
| Annað       | 39  | 4%   |
| Samtals     | 976 | 100% |

## ORKUVINNSLA VATNSAFLSSTÖÐVA 2007

|                       | Uppsett afl<br>kW | Orkuvinnsla<br>MWh |
|-----------------------|-------------------|--------------------|
| Rjúkandavirkjun       | 840               | 8.032              |
| Laxárvatnsvirkjun     | 480               | 2.535              |
| Gönguskarðsárvirkjun  | -                 | 1.697              |
| Skeiðsfossvirkjun     | 4.800             | 26.310             |
| Garðsárvirkjun        | 174               | 1.237              |
| Lagarfossvirkjun      | 27.500            | 91.015             |
| Fjarðarselsvirkjun    | 160               | 566                |
| Grímsárvirkjun        | 2.800             | 19.195             |
| Smyrlabjargaárvirkjun | 1.000             | 8.455              |
| Samtals               | 37.754            | 159.041            |
| Tölur frá 2006        | 18.818            | 115.960            |

Aukning í afli og framleiðslu er vegna stækkunar Lagarfossvirkjunar á árinu. Gönguskarðsárvirkjun er fallin út vegna alvarlegrar bilunar í apríl. Í flestum öðrum virkjunum dróst framleiðsla saman vegna vatnsskorts eða viðhaldsvinnu.

## NOKKRAR LYKILTÖLUR 2007

| Landshluti              | Vesturland | Norðurland | Austurland | Suðurland | Samtals |
|-------------------------|------------|------------|------------|-----------|---------|
| Íbúafjöldi              | 9.103      | 16.672     | 12.382     | 12.115    | 50.272  |
| Heimtaugar              | 6.250      | 8.434      | 5.514      | 9.273     | 29.471  |
| Raforkunotkun, GWh      | 178        | 247        | 315        | 236       | 976     |
| Notkun á íbúa, kWh      | 19.554     | 14.815     | 25.440     | 19.414    | 19.480  |
| Háspennudreifikerfi, km | 1.850      | 2.730      | 1.401      | 2.187     | 8.168   |



## 60 ÁRA AFMÆLI RARIK

Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) hófu starfsemi 1. janúar 1947 og hefur fyrirtækið minnst þessara tímamóta með ýmsum hætti á árinu. Saga RARIK er nátengd raforkuvæðingu landsins. Á upphafsárum fyrirtækisins var meginverkefni þess að afla almenningi og atvinnuvegum nægjar raforku á hagstæðan hátt. Skyldi fyrirtækið ýmist afla orkunnar sjálft eða kaupa af öðrum orkuveitum og dreifa henni um héruð landsins.

Á fyrstu árum RARIK var m.a. ráðist í gerð nokkurra virkjana en árið 1954 var lögfest svonefnd 10 ára rafvæðingaráætlun, sem fól í sér mikið átak í línulögnum um landið. Það var tími mikilla breytinga, sérstaklega í sveitunum, en með átakanu tókst að rafvæða verulegan hluta landsins. Iðnaðarráðuneytið fól RARIK síðan að hefja framkvæmdir við byggðalínu á árinu 1972, en með henni var ætlunin að tengja saman raforkukerfi einstakra landshluta. RARIK lauk við byggingu byggðalinnunnar 1984. Þar með náðist að reka smiðshöggjö á rafvæðingu



Ný tækni hélt innreið sína!



Fyrst var grafin hola, svo var staurinn reistur!



landsins og samtengingu allra þéttbýlisstaða. RARIK var tók að sér rekstur Kröfluvirkjunar 1978 og stækkaði hana úr 2 MW í 30 MW og auk þess undirbjó RARIK á þeim tíma byggingu Blönduvirkjunar. Þessar virkjanir, ásamt byggðalínunum fluttust yfir til Landsvirkjunar 1983.

Pegar Orkubú Vestfjarða (OV) var stofnað 1978 tók það við starfsemi RARIK á Vestfjörðum og um mitt ár 1985 keypti Hitaveita Suðurnesja flutningskerfi og markað RARIK á Reykjanesi.

Ekki hafa einungis verið stofnaðar veitur sem byggja á fyrrum kerfi RARIK, heldur hefur RARIK einnig sjálft keypt nokkrar rafveitur og hitaveitur. Þannig keypti RARIK Hitaveitu Hafnar í Hornafirði á árinu 1991 og sama ár Skeiðsfossvirkjun, Rafveitu og Hitaveitu Siglufjarðar og hóf þá í fyrsta sinn rekstur jarðhitaveitu. Fyrirtækið keypti síðan Hitaveitu Seyðisfjarðar 1992. Dreifikerfi Rafveitu Borgarness og Rafveitu Hvanneyrar voru keypt árið 1995, Rafveita Hveragerðis var keypt árið 2000 og Rafveita Sauðárkróks árið 2001. Hitaveita Dalamanna var svo keypt 2003 og hitaveita Blönduós 2005. RARIK á nú og rekur dreifikerfi á 43 þéttbýlisstöðum.

RARIK hefur unnið jafnt og þétt að uppbyggingu dreifikerfa í sveitum, en um 90% sveitakerfa eru í umsjá RARIK. Miklu hefur verið áorkað í styrkingu stofnkerfis með mikla flutningsgetu sem eykur verulega rekstraröryggi og möguleika byggðarlaga á nýtingu raforku. Þá stendur nú yfir átak í endurnýjun sveitakerfanna með lagningu jarðstrengja í stað loftlína, sem auk þess að auka rekstraröryggi skapar möguleika á þriggja fasa rafmagni þar sem það er ekki fyrir.



Í ársbyrjun 2005 urðu umtalsverðar breytingar á raforkuviðskiptum í kjölfar nýrra raforkulaga sem fólu meðal annars í sér að stærstu raforkunotendurnir gátu þá í fyrsta skipti valið sér raforkusala og samkeppni var innleidd í þessum viðskiptum hér á landi. Í ársbyrjun 2006 voru síðan öll viðskipti með raforku gefin frjáls. Í kjölfar þessa hefur RARIK nú stofnað dótturfyrirtæki, Orkusöluna ehf og fært samkeppnisþætti sína þangað. Öll orkusala RARIK er nú hjá Orkusölnni og einnig hafa fimm virkjanir verið færðar þangað inn, Rjúkandavirkjun, Skeiðfossvirkjun, Grímsárvirkjun, Lagarfossvirkjun eldri og Smyrlabjargaárvirkjun. Jafnframt var nýi hluti Lagarfossvirkjunar lagður inn í Orkusöluna.

Landsnet hf., tók til starfa 1. janúar 2005, en því er ætlað að sinna meginflutningi rafmagns í landinu. Með stofnun Landsnets hf. lauk þætti RARIK í heildsölu rafmagns eftir áratuga sögu. Meirihluti stofnlínukerfis RARIK var seldur til Landsnets hf. og var helmingur söluverðsins greiddur í formi hlutabréfa í Landsneti. RARIK á nú um 22 % í Landsneti.

Þann 3. apríl á síðastliðnu ári voru ný lög um breytingu á RARIK í hlutafélag samþykkt á Alþingi, eða réttum 60 árum eftir að lög um stofnun Rafmagnsveitna ríkisins voru samþykkt. Hlutafélagið tók yfir alla starfsemi

Rafmagnsveitna ríkisins frá og með 1. ágúst 2006 og lauk þar með tæplega 60 ára sögu Rafmagnsveitna ríkisins sem ríkisfyrirtækis, en við tók hlutafélagið RARIK ohf. Í árslok 2006 færðist eignahluturinn í fyrirtækinu síðan frá lðnaðarráðuneyti til Fjármálaráðuneytis.

Nýjum tímum fylgja nýjar áherslur, en ekki hafa verið umfangsmiklar breytingar á starfsemi RARIK vegna formbreytingarinnar einnar sér. Raforkulögin frá 2003 hafa hins vegar haft veruleg áhrif á starfsemina. Flutningsvirki RARIK hafa verið seld inn í Landsnet hf, einkaleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi hafa verið aðskilin með því að setja samkeppnisþættina, orkusölu og orkuframleiðslu inn í sérstakt dótturfélag. Þessar breytingar hafa þegar haft og mun áfram hafa mikil áhrif á starfsemi RARIK.

Af framansögðu má sjá að töluverðar sveiflur hafa orðið í rekstri og umhverfi RARIK í þau 60 ár sem fyrirtækið hefur starfað og verður svo áfram. Fyrirtækinu hefur hins vegar tekist vel að aðlaga sig að þessum breytingum og horfum við því bjartsýnum augum til framtíðar.

|                            | Bls |
|----------------------------|-----|
| Skýrsla og áritun stjórnar | 22  |
| Áritun endurskoðanda       | 23  |
| Rekstrarreikningur         | 24  |
| Efnahagsreikningur         | 25  |
| Eiginfjáryfirlit           | 26  |
| Sjóðstreymisyfirlit        | 27  |
| Skýringar                  | 28  |



Ársreikningur Rarik ohf er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er þetta í fyrsta sinn sem félagið gerir reikningsskil sín með þeim hætti. Þann 1. ágúst 2006 var stofnað hlutafélag um rekstur Rafmagnsveitna ríkisins. Við þau tímamót voru eignir Rafmagnsveitnanna sem ganga áttu inn í hið nýja hlutafélag endurmetnar með tilliti til þess að ársreikningur fyrir 2007 yrði gerður í samræmi við alþjóðlega staðla. Heildaráhrif breyttra reglna eru því óveruleg eða 0,4 milljónir króna til lækkunar á eigin fé í ársbyrjun og hagnaði ársins 2006. Samstæðureikningur fyrirtækisins tekur, auk móðurfélagsins, til dótturfélagsins Orkusölnunnar ehf.

Á árinu 2007 voru samkeppnisþættir fyrirtækisins, sölustarfsemi og rekstur virkjana félagsins færðir til Orkusölnunnar ehf. Lokið var við byggingu síðari áfanga Lagarfossvirkjunar sem var formlega tekinn í notkun 6. október 2007.

Samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar voru rekstrartekjur félagsins 7.436 milljónir króna og var tap ársins 191 milljón króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 26.442 milljónum króna í árslok. Eigið fé nam 14.737 milljónum króna eða 55,7% af heildarfjármagni. Í ársbyrjun var þetta hlutfall 61,6%.

Hlutafé félagsins þann 31. desember 2007 var 5.000 milljónir króna og er það allt í eigu ríkissjóðs.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2007 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2007.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samstæðuársreikninginn með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. mars 2008

Í stjórn Rarik ohf



Hilmar Gunnlaugsson  
formaður



Berglind Halgrímsdóttir



Ingibjörg Sigmundsdóttir



Elín R. Lindal



Sveinn Þórarinnsson



Tryggvi Þór Haraldsson

forstjóri.

Til stjórnar RARIK ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Rarik ohf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu 2007, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Ríkisendurskoðun, 27. mars 2008.



Sigurður Þórðarson

ríkisendurskoðandi



Sigurgeir Bóasson

endurskoðandi

# Rekstrarreikningur 2007

|                                            | Skýr. | 2007<br>1.1-31.12       | 2006<br>1.8- 31.12                   |
|--------------------------------------------|-------|-------------------------|--------------------------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                      |       |                         |                                      |
| Raforkusala .....                          |       | 2.763.156               | 1.108.047                            |
| Dreifing raforku .....                     |       | 3.357.616               | 1.215.535                            |
| Sala á heitu vatni .....                   |       | 258.422                 | 102.428                              |
| Aðrar tekjur .....                         | 8     | 1.057.132               | 411.517                              |
|                                            |       | <u>7.436.326</u>        | <u>2.837.527</u>                     |
| <b>Rekstrargjöld</b>                       |       |                         |                                      |
| Orkukaup .....                             |       | 2.569.144               | 1.206.751                            |
| Rekstur veitukerfa .....                   |       | 3.041.903               | 1.518.024                            |
| Annar rekstrarkostnaður .....              | 9     | 1.336.357               | 627.705                              |
|                                            |       | <u>6.947.404</u>        | <u>3.352.480</u>                     |
|                                            |       | Rekstrarhagnaður (-tap) | <u>488.922</u> ( <u>514.953</u> )    |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>  |       |                         |                                      |
| Fjármunatekjur .....                       |       | 36.859                  | 103.661                              |
| Fjármunagjöld .....                        |       | ( 509.484)              | ( 113.393)                           |
| Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga ..... |       | ( 71.267)               | 0                                    |
|                                            | 12    | <u>( 543.892)</u>       | <u>( 9.732)</u>                      |
| Áhrif hlutdeildarfélagas .....             | 15    | ( 178.006)              | ( 28.431)                            |
|                                            |       | Tap fyrir skatta        | <u>( 232.976)</u> ( <u>553.116</u> ) |
| Tekjuskattur .....                         | 13    | 41.938                  | 171.618                              |
| <b>Tap ársins</b> .....                    |       | <u>( 191.038)</u>       | <u>( 381.498)</u>                    |
| <b>Skipting taps</b>                       |       |                         |                                      |
| Eigendur móðurfélags .....                 |       | ( 191.114)              | ( 381.498)                           |
| Minnihluti í dótturfélögum .....           |       | 76                      | 0                                    |
|                                            |       | <u>( 191.038)</u>       | <u>( 381.498)</u>                    |
| <b>Tap á hlut</b>                          |       |                         |                                      |
| Grunntap og þynnt tap á hlut .....         | 22    | ( 0,04)                 | ( 0,08)                              |

Skýringar á bls. 29-54 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*



|                                                  | Skýr. | 2007                     | 2006                     |
|--------------------------------------------------|-------|--------------------------|--------------------------|
| <b>Eignir</b>                                    |       |                          |                          |
| Rekstrarfjármunir .....                          | 14    | 21.710.841               | 18.258.401               |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....          | 15    | 1.122.473                | 1.300.479                |
| Eignarhlutir í öðrum félögum .....               | 16    | 153.953                  | 105.056                  |
| Tekjuskattseign .....                            | 17    | 1.477.191                | 1.597.742                |
| Fastafjármunir samtals                           |       | <u>24.464.458</u>        | <u>21.261.678</u>        |
| Birgðir .....                                    | 18    | 552.162                  | 466.858                  |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....   | 19    | 1.332.316                | 1.231.999                |
| Handbært fé .....                                | 20    | 93.429                   | 78.339                   |
| Veltufjármunir samtals                           |       | <u>1.977.907</u>         | <u>1.777.196</u>         |
| <b>Eignir samtals</b>                            |       | <u><u>26.442.365</u></u> | <u><u>23.038.874</u></u> |
| <b>Eigið fé</b>                                  |       |                          |                          |
| Hlutfé .....                                     |       | 5.000.000                | 5.000.000                |
| Yfirverðsreikningur .....                        |       | 9.565.330                | 9.565.330                |
| Endurmatsreikningur .....                        |       | 740.225                  | 0                        |
| Ójafnað eigið fé .....                           |       | ( 572.613)               | ( 381.498)               |
| Eigið fé hluthafa móðurfélagsins                 |       | <u>14.732.942</u>        | <u>14.183.832</u>        |
| Hlutdeild minnihluta .....                       |       | 3.666                    | 0                        |
| Eigið fé samtals                                 | 21    | <u>14.736.608</u>        | <u>14.183.832</u>        |
| <b>Langtímaskuldir</b>                           |       |                          |                          |
| Skuldir til langs tíma .....                     | 23    | 6.323.722                | 4.109.154                |
| Skuldbinding vegna niðurrifs .....               | 24    | 522.651                  | 511.000                  |
| Afleiðusamningar .....                           |       | 71.267                   | 0                        |
| Langtímaskuldir samtals                          |       | <u>6.917.640</u>         | <u>4.620.154</u>         |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                          |       |                          |                          |
| Skuldir við lánastofnanir .....                  | 23    | 1.830.020                | 2.200.000                |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir ..... | 25    | 2.399.103                | 1.726.914                |
| Afborganir langtímaskulda á næsta ári .....      | 23    | 558.994                  | 307.974                  |
| Skammtímaskuldir samtals                         |       | <u>4.788.117</u>         | <u>4.234.888</u>         |
| Skuldir samtals                                  |       | <u>11.705.757</u>        | <u>8.855.042</u>         |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>               |       | <u><u>26.442.365</u></u> | <u><u>23.038.874</u></u> |

Skýringar á bls. 29-54 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Eiginfjáryfirlit 2007

|                                       | Hlutafé          | Yfirverðs-<br>reikningur | Endurmats-<br>reikningur | Ójafnað<br>eigið fé | Eigið fé<br>hluthafa<br>móðurfélags | Minni-<br>hluti | Samtals<br>eigið fé |
|---------------------------------------|------------------|--------------------------|--------------------------|---------------------|-------------------------------------|-----------------|---------------------|
| <b>1. ágúst til 31. desember 2006</b> |                  |                          |                          |                     |                                     |                 |                     |
| Eigið fé 1. ágúst 2006, IFRS .....    | 5.000.000        | 9.565.330                | 0                        | 0                   | 14.565.330                          | 0               | 14.565.330          |
| Tap ársins .....                      |                  |                          |                          | ( 381.498)          | ( 381.498)                          |                 | ( 381.498)          |
| Eigið fé 31. desember 2006 .....      | <u>5.000.000</u> | <u>9.565.330</u>         | <u>0</u>                 | <u>( 381.498)</u>   | <u>14.183.832</u>                   | <u>0</u>        | <u>14.183.832</u>   |

## 1. janúar til 31. desember 2007

|                                     |                  |                  |                |                   |                   |              |                   |
|-------------------------------------|------------------|------------------|----------------|-------------------|-------------------|--------------|-------------------|
| Eigið fé 31. desember 2006 .....    | 5.000.000        | 9.565.330        | 0              | ( 381.079)        | 14.184.251        |              | 14.184.251        |
| Breytingar vegna upptöku IFRS ..    |                  |                  |                | ( 419)            | ( 419)            |              | ( 419)            |
| Eigið fé 1. janúar 2007, IFRS ..... | <u>5.000.000</u> | <u>9.565.330</u> | <u>0</u>       | <u>( 381.498)</u> | <u>14.183.832</u> | <u>0</u>     | <u>14.183.832</u> |
| Flutt inn í samstæðu .....          |                  |                  |                |                   | 0                 | 3.589        | 3.589             |
| Endurmat fastafjármuna .....        |                  |                  | 902.714        |                   | 902.714           |              | 902.714           |
| Tekjuskattur af endurmati .....     |                  |                  | ( 162.489)     |                   | ( 162.489)        |              | ( 162.489)        |
| Tap ársins .....                    |                  |                  |                | ( 191.114)        | ( 191.114)        | 76           | ( 191.038)        |
| Eigið fé 31. desember 2007 .....    | <u>5.000.000</u> | <u>9.565.330</u> | <u>740.225</u> | <u>( 572.612)</u> | <u>14.732.943</u> | <u>3.665</u> | <u>14.736.608</u> |

Skýringar á bls. 29-54 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*



| Nr.                                             | Bls |
|-------------------------------------------------|-----|
| 1. Félagið                                      | 29  |
| 2. Grundvöllur reikningsskilanna                | 29  |
| 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir            | 30  |
| 4. Ákvörðun gangvirðis                          | 37  |
| 5. Stýring fjármálalegrar áhættu                | 38  |
| 6. Starfsþáttayfirlit                           | 40  |
| 7. Kaup á dótturfélögum                         | 41  |
| 8. Aðrar tekjur                                 | 41  |
| 9. Annar rekstrarkostnaður                      | 42  |
| 10. Laun og launatengd gjöld                    | 42  |
| 11. Afskriftir                                  | 42  |
| 12. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld            | 43  |
| 13. Tekjuskattur                                | 43  |
| 14. Rekstrarfjármunir                           | 44  |
| 15. Hlutdeildarfélög                            | 45  |
| 16. Önnur félög                                 | 45  |
| 17. Tekjuskattseign                             | 45  |
| 18. Birgðir                                     | 46  |
| 19. Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur         | 46  |
| 20. Handbært fé                                 | 46  |
| 21. Eigið fé                                    | 46  |
| 22. Hagnaður á hlut                             | 46  |
| 23. Vaxtaberandi skuldir                        | 47  |
| 24. Skuldbinding vegna niðurrifs                | 48  |
| 25. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir  | 48  |
| 26. Fjármálagerningar                           | 48  |
| 27. Tengdir aðilar                              | 51  |
| 28. Yfirfærsla alþjóðlegra reikningsskilastaðla | 52  |



## 1. Félagið

Rarik ohf. er íslenskt opinbert hlutafélag og er lögheimili þess að Bíldshöfða 9 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2007 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess (sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga") og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum. Aðalstarfsemi fyrirtækisins er framleiðsla, sala og dreifing á raforku og heitu vatni til neytenda.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins 28. mars 2008.

Þetta er fyrsti ársreikningur félagsins sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og hefur IFRS 1, *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, verið beitt við gerð hans.

Gerð ársreikningssamstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum leiðir til breytinga á reikningsskilaaðferðum sem notaðar voru við gerð síðasta ársreiknings samstæðunnar en hann var gerður samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum. Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir þau tímabil sem þessi ársreikningur nær til. Þeim hefur ennfremur verið beitt við gerð opnunarefnahagsreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Upplýsingar um áhrif breytinga við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastöðlanna á fjárhagstöðu félagsins samstæðunnar og afkomu samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 28. Skýringin inniheldur afstemmingar á eigin fé og afkomu samstæðunnar fyrir samanburðartímabil, annars vegar eins og þau voru þegar íslenskum reikningsskilaaðferðum var beitt og hins vegar eins og þau eru samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

### b. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiður fjármálagæringar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði jafnframt eru hlutir rekstrarfjármuna félagsins metnir á gangvirði. (fjallað er um mat á gangvirði í skýringu nr. 4).

### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og úætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breyting hefur áhrif á þau.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.:

### d. *Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða, frh.:*

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring nr. 3d (i) - rekstrarfjármunir (vegna endurmats virkjana)
- Skýring nr. 23 - Skuldbindingar vegna niðurrifskostnaðar

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni og jafnframt við gerð opnunarefnahagsreiknings 1. ágúst 2006 vegna upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

### a) *Grundvöllur samstæðu*

#### (i) *Dótturfélög*

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið til að laga þær að aðferðum samstæðunnar.

#### (ii) *Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings*

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð árschlutareiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög er færður til lækkunar á bókfærðu verði þessara félaga í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

#### (iii) *Erlend dótturfélög*

Gengismunur fjárskulda í erlendum gjaldmiðlum sem notaðar eru til að verjast gengisáhættu vegna fjárfestinga í erlendri starfsemi er færður beint á sérstakan lið meðal eigin fjár, að því marki sem um virka áhættuvörn er að ræða. Gengismunur af óvirkum hluta áhættuvarnarinnar er færður í rekstrarreikning. Við sölu erlendar starfsemi er uppsafnaður gengismunur áhættuvarnar færður í rekstrarreikning til lækkunar eða lækkunar á hagnaði eða tapi af sölnunni.

#### (iii) *Hlutdeildarfélög*

Hlutdeildarfélög eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaganna samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeildaraðferðinni er beitt frá því að veruleg áhrif nást og þar til þeim lýkur. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagans er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir þessi félög eða fjármagnað þau. Ef hagnaður verður af rekstri hlutdeildarfélag á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### b) *Erlendir gjaldmiðlar*

##### (i) *Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

#### c) *Fjármálagerningar*

##### (i) *Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar*

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Í skýringu 3(j) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

##### *Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

##### *Aðrir fjármálagerningar*

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisýrnun þegar við á.

##### (ii) *Afleiðusamningar*

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

##### (iii) *Hlutfé*

###### *Almennt hlutfé*

Kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

###### *Endurkaup á hlutfé*

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### d) **Rekstrarfjármunir**

##### (i) *Færsla og mat*

Rekstrarfjármunir, aðrir en virkjanir, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna, telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Á undirbúningskostnað eru ekki reiknaðir vextir.

Virkjanir samstæðunnar eru skráðar á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé. Engar færslur eiga sér stað af sérstaka endurmatsreikningnum yfir á óráðstafað eigið fé nema þegar viðkomandi eign er seld eða niðurlögð.

##### (ii) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

##### (iii) *Afskriftir*

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

|                               |          |
|-------------------------------|----------|
| Virkjanir .....               | 60 ár    |
| Veitukerfi .....              | 20-33 ár |
| Aðrir rekstrarfjármunir ..... | 5-50 ár  |

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

#### e) **Birgðir**

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörssdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.



### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### f) **Virðisrýrnun**

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum og tekjuskattseign, er yfirfarið á hverjum uppgjörstegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð hennar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

#### g) **Hlunnindi starfsmanna**

##### (i) *Iðgjaldatengd lífeyriskerfi*

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

#### h) **Skuldbindingar**

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárlæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsþætti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

#### i) **Tekjur**

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

#### j) **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af afleiðusamningum og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaður eða tap vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er fært nettó.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### k) **Tekjuskattur**

Tekjuskattur á afkomu tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseignin er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

#### l) **Hagnaður á hlut**

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem fyrirtækið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

#### m) **Starfspáttayfirlit**

Starfspáttur er aðgreinanlegur hluti félagsins sem fæst annaðhvort við að útvega einstaka vöru eða þjónustu (rekstrarstarfspáttur) eða við að útvega vörur eða þjónustu innan ákveðins efnahagslegs umhverfis (landsvæðisstarfspáttur) og er hann háður áhættuþáttum og afkomu sem eru ólík því sem fylgir öðrum starfspáttum. Aðalstarfspáttur samstæðunnar byggir á rekstrarstarfspáttum. Félagið birtir ekki starfspáttayfirlit eftir landsvæðum þar sem starfsemi félagsins er eingöngu á Íslandi. Félagið birtir ekki starfspáttayfirlit fyrir árið 2006 þar sem þær upplýsingar liggja ekki fyrir.

Viðskipti milli starfspátta eru verðlögð eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfspátta, eignir og skuldir þeirra samstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfspátt, auk þeirra liða sem hægt er að skipta skynsamlega niður á starfspætti. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfspáttum eru aðallega fjárfestingar og tengdar tekjur, lántökur og tengdur kostnaður, sameiginlegar eignir og tengdur kostnaður, auk frestaðs tekjuskatts.

Fjárfestingar starfspátta eru kaup á rekstrarfjármunum.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### p) *Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa verið innleiddar á árinu 2007*

IFRS 7 *Fjármálagæringar: Upplýsingagjöf og breytingar á IAS 1 Framsetning reikningsskila: fjármagnsupplýsingar* gilda um ársreikning samstæðunnar 2007. Innleiðingin hefur áhrif á eðli og umfang skýringa í ársreikningi, en ekki á afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar.

IFRIC 7 - 10 tóku gildi á árinu 2007 en höfðu ekki áhrif á ársreikning samstæðunnar.

#### q) *Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddar af samstæðunni fyrir gildistöku þeirra*

Eftirfarandi reikningsskilastaðlar, breytingar á reikningsskilastöðlum og túlkanir á þeim hafa ekki tekið gildi í árslok 2007 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings:

IFRS 8 *Starfsþættir*. Gerð er krafa um að upplýsingar séu settar fram með sambærilegum hætti og þær berast lykilstjórnendum samstæðunnar. Í ársreikningi eru veittar upplýsingar um rekstrarstarfsþætti í skýringu 6. IFRS 8 mun gilda um ársreikninga samstæðunnar frá og með árinu 2009.

IAS 1 *Framsetning reikningsskila* (endurbætt 2007) kemur í stað IAS 1 *Framsetning reikningsskila* (endurbætt 2003) með breytingum frá 2005. IAS 1 (endurbætt 2007) setur fram almennar kröfur og leiðbeiningar um framsetningu og uppbyggingu reikningsskila og lágmarkskröfur um innihald þeirra. Megin breyting endurbættis IAS 1 er krafan um að veita upplýsingar um allar breytingar á eigin fé sem ekki tengjast hluthöfum (breytingar á eigin fé sem ekki stafa af viðskiptum við hluthafa í stöðu þeirra sem hluthafar) í einu eða tveimur yfirlitum: hvort sem er í einu yfirliti yfir heildarafkomu eða í rekstrarreikningi sem og yfirliti yfir heildarafkomu. Ólíkt núgildandi IAS 1 verður óheimilt að birta eingöngu hluta heildarafkomu í eiginfjáryfirliti. Verði endurbættur IAS 1 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikninga samstæðunnar frá og með árinu 2009 og mun væntanlega hafa áhrif á rekstrarreikning samstæðunnar og eiginfjáryfirlit.

Í endurbættum IAS 23 *Lántökukostnaður* er felld niður heimild til að gjaldfæra lántökukostnað og þess krafist að lántökukostnaður sé eignfærður sem hluti af kostnaðarverði eignarinnar ef lántökukostnaðurinn tengist beint kaupum, smíðum eða framleiðslu eignfærsluhæfrar eignar. Verði endurbættur IAS 23 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann væntanlega gilda um ársreikninga samstæðunnar frá og með árinu 2009 en ekki fela í sér breytingar á reikningsskilaaðferðum þess. Verður staðlinum beitt við eignfærslu lántökukostnaðar sem stofnað er til eftir gildistöku breytingarinnar.

Í endurbættum IFRS 2 *Eignarhlutatengd greiðsla – ávinnslutími og ógilding* (janúar 2008) eru skilgreind hugtökin ávinnslutími og reikningshaldsleg meðferð þess þegar samningar um eignarhlutatengdar greiðslur eru ógiltir. Verði endurbættur IFRS 2 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikninga samstæðunnar frá og með árinu 2009, með afturvirkri beitingu. Ekki er gert ráð fyrir að endurbættur IFRS 2 muni hafa áhrif á samstæðureikninginn.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### q) *Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddar af samstæðunni fyrir gildistöku þeirra, frh.:*

IFRS 3 *Sameiningar fyrirtækja* (endurbætt 2008) og tilheyrandi breytingar í IAS 27 *Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* felur í sér breytingar á reikningsskilum við sameiningu fyrirtækja og fyrir hluthafa sem fara ekki með yferráð eða eru minnihlutaeigendur.

Helstu breytingar frá IFRS 3 (2004) og IAS 27 (2003) eru eftirfarandi:

- IFRS 3 (2008) gildir einnig um sameiningar fyrirtækja þar sem hlut eiga að máli einungis gagnkvæmar einingar og þar sameiningu fyrirtækja er náð fram með samkomulagi þar um;
- Skilgreiningu á sameiningum fyrirtækja hefur verið breytt þannig að aukin áhersla er á að yferráð séu til staðar;
- Skilgreiningu á rekstri hefur verið breytt;
- Kostnaður sem fellur til hjá yfirtökufélagi við sameiningu telst ekki vera hluti af kostnaði við kaupin;
- Kaup á viðbótarhlut eftir að sameining hefur átt sér stað eru færð sem eiginfjárviðskipti;
- Sala á hlut þegar yferráð eru ennþá fyrir hendi er færð sem eiginfjárviðskipti.
- Nýrra skýringa er þörf.

Ef IFRS 3 (endurbætt 2008) og tilheyrandi breytingar á IAS 27 verða staðfestar af Evrópusambandinu munu þær gilda um ársreikninga samstæðunnar frá og með 2010. Bókfært verð eigna og skulda sem urðu til við sameiningar fyrirtækja fyrir innleiðingu IFRS 3 (endurbætt 2008) verða ekki endurgerðar en breytingar á IAS 27 gilda flestar afturvirk. Áhrif á ársreikning samstæðunnar hafa ekki verið metin.

IFRIC 11 *IFRS 2 - Viðskipti með eigin hluti í samstæðu* krefst þess að eignarhlutatengdar greiðslur þar sem félag fær vörur eða þjónustu sem greiðslu fyrir eigin eiginfjárgerninga skuli færa sem eignarhlutatengda greiðslu, sem gerð er upp með eigin hlutum, óháð því hvernig eiginfjárgerninganna er aflað. IFRIC 11 gildir fyrir ársreikninga samstæðunnar frá og með árinu 2008 og krefst afturvirkra leiðréttinga. Ekki er gert ráð fyrir að túlkunin muni hafa áhrif á ársreikning samstæðunnar.

IFRIC 12 *Samningar um þjónustuívilnun* birtir leiðbeiningar um færslu og mat tiltekinna atriða sem upp koma við færslu þjónustusamninga opinberra aðila við einkaaðila. Verði IFRIC 12 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikninga samstæðunnar frá og með árinu 2008 og mun væntanlega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

IFRIC 13 *Tryggðarkerfi* fjallar um reikningsskil félaga sem reka, eða taka með öðrum hætti þátt í, tryggðarkerfi fyrir viðskiptamenn sína. Það tengist tryggðarkerfum þar sem viðskiptamennirnir geta endurheimt inneign sína með afsláttum af vörum og þjónustu eða ókeypis vörum og þjónustu. Verði IFRIC 13 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikninga samstæðunnar frá og með árinu 2009 og mun væntanlega ekki hafa áhrif á samstæðuársreikninginn.

IFRIC 14 *IAS 19 – Takmörkunin á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarks fjármögnun og samspil þeirra* skýrir hvenær endurgreiðslur eða lækkun framtíðariðgjalda í tengslum við réttindatengdar eignir skulu telja mögulegar og leiðbeinir um áhrif ákvæða um lágmarks fjármögnun slíkra eigna. Túlkunin fjallar einnig um það þegar ákvæði um lágmarks fjármögnun geta leitt til skuldar. Verði IFRIC 14 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikninga samstæðunnar frá og með árinu 2008 og krefjast afturvirkra leiðréttinga. Áhrif á ársreikning samstæðunnar hafa ekki verið metin.

#### 4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

##### a. *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Gangvirði varanlegra rekstrarfjármuna sem yfirteknir eru við samruna miðast við markaðsvirði. Markaðsvirði fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í viðskiptum milli ótengdra, viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði annarra rekstrarfjármuna er byggt á markaðsverði sambærilegra eigna.

Gangvirði framleiðslukerfa sem sætt hafa sérstöku endurmati er ákvarðað út frá tekjuvirði viðkomandi eignar. Það felur í sér að lagt er mat á tekjustrauma af viðkomandi eign og þeir núvirtir.

##### b. *Fjárfestingar í hlutabréfum*

Gangvirði fjáreigna, þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörssdegi.

##### c. *Viðskiptakröfur og aðrar kröfur*

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörssdags.

##### d. *Afleiður*

Gangvirði afleiða er byggt á skráðu markaðsvirði þeirra, ef til er. Ef markaðsverð er ekki til, er gangvirðið fundið með viðurkenndum matsaðferðum.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Fyrirtækið sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggja á upplýsingum frá virkum markaði.

Gangvirði afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða, sem eru endurskoðaðar reglulega af hæfu óháðu starfsfólki. Öll matslíkön sem eru notuð þurfa að vera samþykkt og prófuð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli þau gögn sem notuð voru.

Áreiðanlegasta sönnun á gangvirði afleiðusamninganna í upphafi er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við önnur skráð og nýleg markaðsviðskipti á sama fjármálagerningi eða byggt á matsaðferð þar sem breytur byggja eingöngu á markaðsgögnum. Þegar slík gögn eru fyrir hendi, færir fyrirtækið hagnað eða tap á upphaflegum skráningardegi gerninga.

Gangvirði vaxtaskiptasamninga er byggt á verðtilboði miðlara. Þessi verðtilboð eru prófuð með tilliti til sanngirni með því að afvaxta framtíðargreiðsluflæði byggt á ákvæðum og lokadegi hvers samnings og með því að nota markaðsvexti fyrir svipaða gerninga á þeim degi sem þeir eru verðmetnir.

## 5. Stýring fjármálalegrar áhættu

### **Yfirlit**

Fjármálagerningum félagsins fylgir eftirfarandi áhætta:

Lánsáhætta  
Lausafjárahætta  
Markaðsáhætta

Eftirfarandi eru upplýsingar um fjármálalega áhættu félagsins, markmið, stefnu og aðferðir við að meta og draga úr áhættunni.

Markmið félagsins er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni.

Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu félagsins. Til að sinna því sækir stjórnin ráðgjöf bæði til starfsmanna félagsins og utanaðkomandi ráðgjafa.

### **Lánsáhætta**

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

#### *Viðskiptakröfur og aðrar kröfur*

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur félagsins eru á einstaklinga, fyrirtæki og stórnöfundur. Dreifing viðskiptakrafna er nokkuð jöfn.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við það og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið lágt hlutfall af veltu. Innheimtudeild félagsins vinnur eftir ákveðnum reglum sem miða að því að draga úr lánsáhættu.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar á viðskiptakröfum, öðrum kröfum og fjárfestingum.

### **Lausafjárahætta**

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor sitt.

Félagið hefur samið um yfirdráttarheimildir hjá viðskiptabanka sínum Landsbanka Íslands hf. Ónýttar lánsheimildir nema rúmum milljarði í árslok 2007.

## 5. Stýring fjármálalegrar áhættu, frh.:

### **Markaðsáhætta**

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði þess í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

#### *Gjaldmiðlagengisáhætta*

Félagið býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í erlendum gjaldmiðlum. Starfsrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur og eru allar tekjur þess í þeim gjaldmiðli. Hluti innkaupa er í erlendum gjaldmiðlum, aðallega í evru (EUR) og Norðurlandamyntum (NOK, DKK, SEK)

Félagið ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlagengisáhættu en metur reglulega myntsamsetningu skulda á móti gengisvog íslensku krónunnar.

Lántaka félagsins í erlendum gjaldmiðlum eru að stærstum hluta í evrum (EUR) en einnig í svissneskum frönskum (CHF) og bandarískum dollurum (USD). Vextir af þessum lánnum hafa reynst mun lægri en þeir sem bjóðast af lánnum í íslenskum krónum.

Á árinu 2007 gerði félagið afleiðutengdan vaxtaskiptasamning til þriggja ára, svissneska franka (CHF) og evrur (EUR) á móti íslenskum krónum (ISK).

#### *Vaxtaáhætta*

Langtímalántökur félagsins í íslenskum krónum eru með föstum vöxtum en skammtímalán eru með breytilegum vöxtum. Lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru með breytilegum vöxtum.

#### *Önnur markaðsverðsáhætta*

Önnur markaðsverðsáhætta félagsins er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

### **Eiginfjárstýring**

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða þess sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárlutfall.

### **Tekjumörk**

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65 frá 2003. Tekjumörkin byggja á rauntölum fyrri ára úr rekstri dreifiveitu, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og arðsemi á bundið fé í dreifiveitu. Sú arðsemi er helmingur af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára. Við ákvörðun tekjumarka er litið framhjá fjármagnsliðum. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjumörk og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins.

## 6. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

### Rekstrarstarfsþættir

|                                                | Orkudreifing | Orkusala  | Annað     | Jöfnunar-<br>færslur | Samtals    |
|------------------------------------------------|--------------|-----------|-----------|----------------------|------------|
| <b>1. janúar - 31. desember 2007</b>           |              |           |           |                      |            |
| Tekjur frá viðskiptamönnum .....               | 3.357.616    | 2.763.156 | 1.315.554 |                      | 7.436.326  |
| Innri sala .....                               | 31.698       | 0         | 277.495   | ( 309.193)           | 0          |
| Tekjur samtals .....                           | 3.389.314    | 2.763.156 | 1.593.049 | ( 309.193)           | 7.436.326  |
| Rekstrarafkoma starfsþátta .....               | 379.169      | 54.287    | 55.465    |                      | 488.921    |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals ..... |              |           |           | ( 543.892)           |            |
| Áhrif hlutdeildarféлага .....                  |              |           |           | ( 178.006)           |            |
| Tekjuskattur .....                             |              |           |           |                      | 41.938     |
| Tap ársins .....                               |              |           |           | ( 191.039)           |            |
| Eignir starfsþátta .....                       | 14.913.882   | 5.829.708 | 967.250   |                      | 21.710.840 |
| Óskiptar eignir .....                          |              |           |           |                      | 4.731.525  |
| Eignir samtals .....                           |              |           |           |                      | 26.442.365 |
| Óskiptar skuldir .....                         |              |           |           |                      | 11.705.758 |
| Fjárfestingar .....                            | 1.839.848    | 1.460.868 | 94.519    |                      | 3.395.235  |
| Afskriftir .....                               | 685.645      | 47.725    | 103.845   |                      | 837.215    |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



## 7. Kaup á dótturfélögum

Félagið gerði á árinu samning um kaup á 28% af hlutafé Orkusölnunnar ehf. Fyrir átti félagið 36% í félaginu. Kaupverð eignarhluta var greitt með handbæru fé. Rekstur félagsins varð hluti af Rarik-samstæðunni frá og með 1. janúar 2007. Samhliða því var hlutafé Orkusölnunnar ehf. aukið með framlagningu hlutafjár í formi virkjana. Við það jókst eignarhlutur Rarik ohf. í Orkusölnunni ehf. í 99,8% Ekki var færð hlutdeild í rekstri Orkusölnunnar ehf. á árinu 2006 þar sem rekstur hennar var óverulegur.

|                                                                            | Bókfært verð<br>við yfirtöku | Gangvirði<br>við yfirtöku |
|----------------------------------------------------------------------------|------------------------------|---------------------------|
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur .....                                      | 1.575                        | 1.575                     |
| Vaxtaberandi skuldir .....                                                 | 10.524                       | 10.524                    |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....                           | ( 7.749)                     | ( 7.749)                  |
| Hrein eign .....                                                           | 4.350                        | 4.350                     |
| Minnihluti .....                                                           |                              | ( 8)                      |
| Samtals aðgreinanlegar eignir .....                                        |                              | 4.342                     |
| Kaupverð .....                                                             |                              | 1.909.200                 |
| Hlutdeild minnihluta í innborgun .....                                     |                              | ( 3.581)                  |
| Samtals aðgreinanlegar eignir að teknu tilliti til hlutafjárframlags ..... |                              | 1.909.961                 |
| Viðskiptavild við kaupin .....                                             |                              | 5.639                     |
| Kaupverð .....                                                             |                              | 1.915.600                 |
| <b>Kaupverðið skiptist þannig:</b>                                         |                              |                           |
| Greitt með handbæru fé 2007 .....                                          |                              | 27.800                    |
| Greitt með handbæru fé 2006 .....                                          |                              | 3.600                     |
| Hlutafjárframlag í formi virkjana .....                                    |                              | 1.884.200                 |
| Kaupverð samtals .....                                                     |                              | 1.915.600                 |
| Handbært fé yfirtekið við samruna .....                                    |                              | ( 10.524)                 |
| Greitt 2006 og hlutafjárframlag .....                                      |                              | ( 1.887.800)              |
| Heildarústreymi handbærs fjár samkvæmt sjóðstreymi .....                   |                              | 17.276                    |

Viðskiptavild sem myndaðist við kaupin var niðurfærð að fullu á árinu.

## 8. Aðrar tekjur

| <b>Aðrar tekjur greinast þannig:</b> | 2007<br>1.1-31.12 | 2006<br>1.8-31.12 |
|--------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Tengigjöld .....                     | 329.131           | 124.350           |
| Seld þjónusta .....                  | 728.001           | 287.167           |
| Aðrar tekjur samtals .....           | 1.057.132         | 411.517           |

## 9. Annar rekstrarkostnaður

|                                                 |             |                  |
|-------------------------------------------------|-------------|------------------|
| <b>Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:</b> | 2007        |                  |
|                                                 | 1.1.-31.12. |                  |
| Annar rekstrarkostnaður Þróunarsviðs .....      |             | 134.516          |
| Annar rekstrarkostnaður viðskiptasviðs .....    |             | 220.849          |
| Annar rekstrarkostnaður fjármálasviðs .....     |             | 243.235          |
| Annar rekstrarkostnaður Orkusölu .....          |             | 406.965          |
| Sameiginlegur kostnaður .....                   |             | 330.792          |
| Annar rekstrarkostnaður samtals .....           |             | <u>1.336.357</u> |

## 10. Laun og launatengd gjöld

|                                                                  |                  |                  |
|------------------------------------------------------------------|------------------|------------------|
| Laun og launatengd gjöld greinast þannig:                        | 2007             | 2006             |
|                                                                  | 1.1.-31.12.      | 1.8.-31.12.      |
| Laun .....                                                       | 1.331.974        | 569.254          |
| Greitt í lífeyrissjóði vegna iðgjaldatengdra lífeyriskerfa ..... | 23.622           | 525.164          |
| Önnur launatengd gjöld .....                                     | 252.806          | 153.964          |
| Laun og launatengd gjöld greinast samtals .....                  | <u>1.608.402</u> | <u>1.248.382</u> |
| Laun skiptast þannig á rekstrarreikningi:                        |                  |                  |
| Orkukaup .....                                                   | 29.688           |                  |
| Rekstur veitukerfa .....                                         | 345.731          |                  |
| Rekstur stoðdeilda .....                                         | 1.232.983        |                  |
| Laun og launatengd gjöld samtals .....                           | <u>1.608.402</u> | <u>0</u>         |
| Stöðugildi .....                                                 | 205              | 213              |
| Laun stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra voru sem hér segir: | Millj.kr.        |                  |
| Laun stjórnar .....                                              | 5                |                  |
| Laun forstjóra .....                                             | 16               |                  |
| Laun framkvæmdastjóra .....                                      | 41               |                  |

## 11. Afskriftir

|                                                               |                |                |
|---------------------------------------------------------------|----------------|----------------|
| <b>Afskriftir greinast þannig:</b>                            |                |                |
| Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 14. skýringu ..... | 837.215        | 345.572        |
| <b>Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:</b>        |                |                |
| Orkukaup .....                                                | 47.725         | 11.710         |
| Rekstur veitukerfa .....                                      | 685.645        | 293.381        |
| Annar rekstrarkostnaður .....                                 | 103.845        | 40.481         |
| Afskriftir færðar í rekstrarreikning .....                    | <u>837.215</u> | <u>345.572</u> |

## 12. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:</b> | 2007<br>1.1-31.12 | 2006<br>1.8-31.12 |
|----------------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Vaxtatekjur .....                                        | 36.859            | 29.995            |
| Gengismunur .....                                        | 0                 | 73.666            |
| Fjármunatekjur samtals .....                             | 36.859            | 103.661           |
| Vaxtagjöld .....                                         | ( 677.554)        | ( 200.283)        |
| Gengismunur .....                                        | ( 15.030)         | 0                 |
| Eignfærður fjármagnskostnaður .....                      | 183.100           | 86.890            |
| Fjármagnsgjöld samtals .....                             | ( 509.484)        | ( 113.393)        |
| Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga .....               | ( 71.267)         | 0                 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....           | ( 543.892)        | ( 9.732)          |

Eignfærður fjármagnskostnaður nam að meðaltali 10,2% af bundnu fé vegna byggingar Lagarfossvirkjunar á tímabilinu.

## 13. Tekjuskattur

| <b>Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:</b>                        |                 |                  |
|---------------------------------------------------------------------------------------|-----------------|------------------|
| Hækkun tekjuskattseignar .....                                                        | 41.938          | 171.618          |
| Gjaldfærður tekjuskattur .....                                                        | 41.938          | 171.618          |
| <b>Breyting tekjuskattsinneignar greinist þannig:</b>                                 |                 |                  |
| Breyting á tímabundnum mismun .....                                                   | 41.938          | 171.618          |
| Tekjuskattur af endurmati fastafjármuna .....                                         | ( 162.489)      | 0                |
| Breyting tekjuskattseignar .....                                                      | ( 120.551)      | 171.618          |
| Tekjuskattur í rekstrarreikningi án hlutdeildar í tekjuskatti hlutdeildarfélagi ..... | 9.897           | 166.500          |
| Hlutdeild í tekjuskatti hlutdeildarfélagi .....                                       | 32.041          | 5.118            |
| Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi samtals .....                            | 41.938          | 171.618          |
| <b>Afstemming á virku skatthlutfalli</b>                                              | 2007            | 2006             |
| Hagnaður ársins .....                                                                 | ( 191.038)      | ( 381.498)       |
| Tekjuskattur .....                                                                    | ( 41.938)       | ( 171.618)       |
| Hagnaður án tekjuskatts .....                                                         | ( 232.976)      | ( 553.116)       |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli .....                                   | 18,0% 41.938    | 18,0% 99.561     |
| Aðrir liðir .....                                                                     | 0,0% 0          | 13,0% 72.057     |
| Virkur tekjuskattur .....                                                             | ( 18,0%) 41.938 | ( 31,0%) 171.618 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 14. Rekstrarfjármunir

### Rekstrarfjármunir greinast þannig:

|                                           | Virkjanir | Veitukerfi | Aðrir rekstrarfjármunir | Samtals    |
|-------------------------------------------|-----------|------------|-------------------------|------------|
| <b>Kostnaðarverð</b>                      |           |            |                         |            |
| Staða 1. ágúst 2006 .....                 | 2.405.233 | 13.253.717 | 1.005.372               | 16.664.322 |
| Viðbætur á tímabilinu .....               | 1.120.328 | 799.343    | 23.718                  | 1.943.389  |
| Selt og aflagt .....                      |           |            | ( 3.389)                | ( 3.389)   |
| Staða 31. desember 2006 .....             | 3.525.561 | 14.053.060 | 1.025.701               | 18.604.322 |
| Staða 1. janúar 2007 .....                | 3.525.561 | 14.053.060 | 1.025.701               | 18.604.322 |
| Viðbætur á tímabilinu .....               | 1.460.868 | 1.839.848  | 94.519                  | 3.395.235  |
| Endurmat, tekjuvirði .....                | 902.714   |            |                         | 902.714    |
| Selt og aflagt .....                      |           |            | ( 10.367)               | ( 10.367)  |
| Staða 31. desember 2007 .....             | 5.889.143 | 15.892.908 | 1.109.853               | 22.891.904 |
| <b>Afskriftir og virðisrýrnun</b>         |           |            |                         |            |
| Staða 1. ágúst 2006 .....                 | 0         | 0          | 0                       | 0          |
| Afskriftir ársins .....                   | 11.710    | 293.381    | 40.831                  | 345.922    |
| Staða 31. desember 2006 .....             | 11.710    | 293.381    | 40.831                  | 345.922    |
| Staða 1. janúar 2007 .....                | 11.710    | 293.381    | 40.831                  | 345.922    |
| Afskriftir ársins .....                   | 47.725    | 685.645    | 103.845                 | 837.215    |
| Selt og aflagt .....                      |           |            | ( 2.073)                | ( 2.073)   |
| Staða 31. desember 2007 .....             | 59.435    | 979.026    | 142.603                 | 1.181.064  |
| <b>Bókfært verð</b>                       |           |            |                         |            |
| 1. ágúst 2006 .....                       | 2.405.233 | 13.253.717 | 1.005.372               | 16.664.322 |
| 31. desember 2006 og 1. janúar 2007 ..... | 3.513.851 | 13.759.680 | 984.870                 | 18.258.401 |
| 31. desember 2007 .....                   | 5.829.708 | 14.913.882 | 967.250                 | 21.710.840 |

### Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nam um 2,1 milljarði króna. Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins er um 3,5 milljarðar króna.

### Veðsetningar

Engin veðskuldabréf eru hjá samstæðunni í árslok 2007 og engar eignir veðsettar.

## 15. Hlutdeildarfélög

Hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélagas nam 178.006 þús. kr. (nam 28.431 þús. kr. árið 2006)

**Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi er eftirfarandi:**
**31. desember 2006**

|                   | Eignar-<br>hlutur | Bókfært<br>verð | Heildar-<br>eignir | Heildar-<br>skuldir | Tekjur    | (Tap)      |
|-------------------|-------------------|-----------------|--------------------|---------------------|-----------|------------|
| Landsnet hf. .... | 24,15%            | 1.300.479       | 41.838.875         | 36.453.869          | 6.412.210 | ( 171.291) |

**31. desember 2007**

|                   |        |           |            |            |           |            |
|-------------------|--------|-----------|------------|------------|-----------|------------|
| Landsnet hf. .... | 22,51% | 1.122.473 | 49.300.866 | 44.314.312 | 6.963.209 | ( 798.452) |
|-------------------|--------|-----------|------------|------------|-----------|------------|

## 16. Önnur félög

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

|                                            | 2007         |              | 2006         |              |
|--------------------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
|                                            | Eignarhlutur | Bókfært verð | Eignarhlutur | Bókfært verð |
| Sunnlensk orka ehf. ....                   | 90,00%       | 72.000       | 90,00%       | 72.000       |
| Héraðsvötn ehf. ....                       | 50,00%       | 30.000       | 50,00%       | 30.000       |
| Önnur félög .....                          |              | 51.953       |              | 3.056        |
| Eignarhlutir í öðrum félögum samtals ..... |              | 153.953      |              | 105.056      |

## 17. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign félagsins [samstæðunnar] greinist þannig:

|                                                  | 2007       | 2006      |
|--------------------------------------------------|------------|-----------|
| Tekjuskattseign 1. janúar (1. ágúst 2006) .....  | 1.597.742  | 1.426.124 |
| Reiknaður tekjuskattur ársins .....              | 41.938     | 171.618   |
| Tekjuskattur af endurmati færðu á eigið fé ..... | ( 162.489) | 0         |
| Tekjuskattseign 31. desember .....               | 1.477.191  | 1.597.742 |

Tekjuskattseign greinist þannig í árslok:

|                                    |           |           |
|------------------------------------|-----------|-----------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir ..... | 777.132   | 1.097.979 |
| Viðskiptavild .....                | 44.388    | 44.388    |
| Hlutdeildarfélag .....             | 37.159    | 5.118     |
| Eignarhlutir í öðrum félögum ..... | 6.037     | 6.037     |
| Skuldbinding vegna niðurrifs ..... | 94.077    | 91.980    |
| Afleiðusamningar .....             | 12.828    | 0         |
| Yfirfæranlegt tap .....            | 505.570   | 352.240   |
| Skatteign 31. desember .....       | 1.477.191 | 1.597.742 |

**Yfirfæranlegt skattalegt tap**

Miðað við núgildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði innan 10 ára frá því það myndast. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

|                                                         |           |           |
|---------------------------------------------------------|-----------|-----------|
| Yfirfæranlegt tap ársins 2006, nýtanlegt til 2016 ..... | 1.962.539 | 1.956.889 |
| Yfirfæranlegt tap ársins 2007, nýtanlegt til 2017 ..... | 846.185   | 0         |
| Yfirfæranlegt tap samtals .....                         | 2.808.724 | 1.956.889 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## 18. Birgðir

|                                |         |         |
|--------------------------------|---------|---------|
| Birgðir greinast þannig:       | 2007    | 2006    |
| Efnisbirgðir, varahlutir ..... | 552.162 | 466.858 |

## 19. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

|                                   |           |           |
|-----------------------------------|-----------|-----------|
| Viðskiptakröfur .....             | 1.381.701 | 1.267.940 |
| Aðrar skammtímakröfur .....       | 11.615    | 25.059    |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna ..... | ( 61.000) | ( 61.000) |
|                                   | 1.332.316 | 1.231.999 |

## 20. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

|                           |        |        |
|---------------------------|--------|--------|
| Óbundnar innistæður ..... | 93.429 | 78.339 |
|---------------------------|--------|--------|

## 21. Eigið fé

### Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.000 millj. kr. í árslok og er það óbreytt frá ársbyrjun. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

### Yfirverðsreikningur

Yfirverðsreikningur samanstendur af innborgðuðu hlutfé umfram nafnverð 1 kr. á hlut.

### Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningurinn samanstendur af endurmati virkjana til gangvirðis að teknu tilliti til skattáhrifa.

## 22. Tap á hlut

### Grunntap og þynnt tap á hlut:

|                                                           |            |            |
|-----------------------------------------------------------|------------|------------|
|                                                           | 2007       | 2006       |
| Tap til hluthafa móðurfélagsins .....                     | ( 191.114) | ( 381.498) |
| Vegið meðaltal hlutabréfa:                                |            |            |
| Hlutir 1. janúar (1. ágúst) - 31. desember .....          | 5.000.000  | 5.000.000  |
| Vegið meðaltal útistandandi hluta þann 31. desember ..... | 5.000.000  | 5.000.000  |
| Grunntap og þynnt tap á hlut .....                        | ( 0,04)    | ( 0,08)    |

## 23. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 24.

|                                         | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|-----------------------------------------|------------|------------|
| <b>Skuldir til langs tíma</b>           |            |            |
| Óveðtryggð bankalán .....               | 4.107.030  | 1.733.956  |
| Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa .....      | 2.775.686  | 2.683.172  |
|                                         | 6.882.716  | 4.417.128  |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda ..... | -558.994   | -307.974   |
|                                         | 6.323.722  | 4.109.154  |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                 |            |            |
| Skuldir við lánastofnanir .....         | 1.830.020  | 2.200.000  |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda ..... | 558.994    | 307.974    |
|                                         | 2.389.014  | 2.507.974  |
| Vaxtaberandi skuldir samtals .....      | 8.712.736  | 6.617.128  |

**Skilmálar vaxtaberandi skulda**

